



**Fyrirtækjaskrá**  
Hlutafélagaskrá - Samvinnufélagaskrá - Sjálfseignarstofnanaskrá - Firmaskrá  
Tryggvagötu 19, 101 Reykjavík

## Vottorð úr fyrirtækjaskrá

**Framsóknarflokkurinn**

**Póstfang:** Hverfisgötu 33  
101 Reykjavík

**Kt: 560169-7449**

**Lögheimili:** Hverfisgötu 33  
101 Reykjavík

**Útgefið:** 7.4.2022

**Dagsetning samþykktar er** 19.3.2022

**Stjórn félagsins skipa samkvæmt fundi þann 10.3.2018:**

200462-3789 Sigurður Ingi Jóhannsson, Syðra-Langholti 4, 846 Flúðir, *stjórnarformaður*  
270173-3149 Jón Björn Hákonarson, Hlíðargötu 5, 740 Neskaupstaður, *meðstjóri*  
041073-4629 Lilja Dögg Alfreðsdóttir, Huldulandi 22, 108 Reykjavík, *meðstjóri*

**Framkvæmdastjórn:**

021284-2389 Helgi Haukur Hauksson, Réttarholti 6, 310 Borgarnes

**Prókúruumboð:**

**Endurskoðendur/skoðunarmenn:**

**Firmað rita:** Framkvæmdastjóri

**Tilgangur:** Framsóknarflokkurinn er sjómmálaflokkur sem vinnur að því að hafa áhrif á þjóðfélagsskipan á Íslandi samkvæmt þeim markmiðum sem skilgreind eru í grundvallarstefnuskrá flokksins.

**Ísat flokkun:**

**94.92.0** Starfsemi stjórnmalasamtaka

**Rekstrarform:** Stjórnmalasamtök

Lög Framsóknarflokksins



**1. kafli – Tilgangur og markmið.**

**1.1.**

Framsóknarflokkurinn er stjórn málaflokkur sem vinnur að því að hafa áhrif á þjóðfélagsskipan á Íslandi samkvæmt þeim markmiðum sem skilgreind eru í grundvallarstefnuskrá flokksins. Starfssvæði flokksins er allt landið en heimilisfang hans er að Hverfisgötu 33, 101 Reykjavík.

**2. kafli – Um félagsmenn.**

**2.1.**

Félagi í Framsóknarflokki getur hver sá einstaklingur, sem verður 16 ára á almanaksárinu eða eldri orðið sem samþykkir grundvallarstefnuskrá flokksins og er ekki félagi í öðrum stjórn málaflokki.

**2.2.**

Inntökubeiðnir í flokkinn og úrsagnir úr honum skulu tilkynntar skriflega eða með rafrænum hætti. Beiðni um inntöku eða úrsögn er því aðeins gild að hún sé undirrituð eigin hendi eða send rafrænt af þeim einstaklingi sem óskar inngöngu. Allar inntökubeiðnir og úrsagnir skal tilkynna til skrifstofu Framsóknarflokksins. Tilkynning skrifstofunnar um skráningu gildir sem staðfesting á inngöngu eða úrsögn að teknu tilliti til skilyrða gr. 3.3.

**2.3.**

Félagsmaður skal skráður í aðildarfélag í því sveitarfélagi þar sem hann á lögheimili nema annars sé sérstaklega óskað. Þrátt fyrir að félagsmaður geti verið skráður í aðildarfélag í öðru sveitarfélagi en hann er búsettur í skal atkvæðisréttur við frambjóðendaval fyrir alþingis- og sveitarstjórnarkosningar fara eftir lögheimili. Ef í sveitarfélagi er starfandi fleiri en eitt aðildarfélag, sem félagsmaður getur átt aðild að, skal gefa honum kost á að velja á milli þeirra.

**2.4.**

Félagaskrá flokksskrifstofunnar ræður kjörgengi og atkvæðisrétti félagsmanna. Hver félagsmaður getur aðeins verið skráður í eitt aðildarfélag en er heimilt að taka þátt í félagsstörfum í fleiri en einu aðildarfélagi. Þegar félagsmaður flytur lögheimili sitt af félagssvæði þess aðildarfélags, sem hann á aðild að, verður hann sjálfkrafa félagi í því aðildarfélagi sem starfandi er þar sem hann flytur til nema annars sé sérstaklega óskað. Ef fleiri en eitt aðildarfélag eru starfandi í því sveitarfélagi, sem félagsmaður getur átt aðild að, skal gefa félagsmanni kost á að velja á milli þeirra.

Handwritten signatures and initials in the bottom right corner of the page. There are several scribbles and what appears to be a signature 'UA' written vertically.

### 2.5.

Óski félagsmaður eftir því að skipta um aðildarfélag og hafi heimild til þess samkvæmt lögum þessum skal senda beiðni um slíkt skriflega eða með rafrænum hætti til skrifstofu flokksins. Beiðnin er því aðeins gild að hún sé undirrituð eigin hendi eða send rafrænt af þeim einstaklingi sem óskar að skipta um aðildarfélag.

### 2.6.

Félagsmaður í félagi ungs fólks má ekki eiga aðild að því lengur en út almanaksárið sem hann verður 35 ára. Eftir það verður félagsmaður sjálfkrafa aðili að því aðildarfélagi sem starfar í því sveitarfélagi þar sem félagsmaður á lögheimili eða hefur fasta búsetu meirihluta árs nema félagsmaður óskl annars. Ef fleiri en eltt aðildarfélag eru starfandi í því sveitarfélagi, sem félagsmaður getur átt aðild að, skal gefa félagsmanni kost á að velja á milli þeirra.

### 2.7.

Enginn getur gegnt trúnaðarstörfum í stofnunum flokksins eða tekið sæti á framboðslista flokksins til alþingiskosninga án þess að vera félagi í Framsóknarflokki.

### 2.8.

Fari félagsmaður í framboð til Alþingis fyrir annan stjórnmálaflokk eða stjórnmálasamtök en Framsóknarflokkinn eða gangi til liðs við annan stjórnmálaflokk eða stjórnmálasamtök með opinberum hætti jafngildir það úrsögn úr flokki.

## 3. kafli – Um aðildarfélög.

### 3.1.

Almenn framsóknarfélög, félög framsóknarkvenna og félög ungs framsóknarfólks eru grunneiningar Framsóknarflokksins.

### 3.2.

Óski félag aðildar að Framsóknarflokki skal senda landsstjórn fundargerð stofnfundar, lög félagsins, félagaskrá og skipan stjórnar. Landsstjórn skal eftir atvikum meta hvort nauðsynlegt sé að stofna nýtt félag eða hvetja félagsmenn til að starfa í þeim félögum sem fyrir eru á viðkomandi starfssvæði. Nýtt félag má einungis stofna ef félagsmenn þess eru tíu eða fleiri. Þegar landsstjórn hefur staðfest aðild félagsins öðlast það fullgild réttindi innan flokksins.

### 3.3.

Félög og fulltrúaráð skulu halda aðalfund ár hvert, fyrir 15. maí. Atkvæðisrétt á aðalfundi hafa þeir sem hafa skráð sig í félagið 30 dögum fyrir aðalfund samkvæmt félagatali á skrifstofu flokksins, þó að teknu tilliti til gr. 2.4. Að loknum aðalfundi er stjórn félagsins skylt að senda viðkomandi kjördæmissambandi skýrslu um starf



félagsins á síðasta starfsári og upplýsingar um skipan stjórnar. Sé aðalfundur ekki haldinn skv. 1. ml. missir hlutaðeigandi félag rétt til fulltrúa á kjördæmisþing og flokksþing. Sé aðalfundur ekki haldinn skv. 1. ml. skal stjórn kjördæmissambands boða til aðalfundar innan þriggja vikna. Ef slík boðun gengur fram tvö ár í röð skal stjórn kjördæmissambands gera grein fyrir störfum félagsins áður en landsstjórn tekur ákvörðun um slit félags eða það sameinist öðru félagi.

Séu félagsmenn færri en 10 skal stjórn kjördæmissambands gera grein fyrir störfum félags áður en landsstjórn tekur ákvörðun um slit félags eða sameiningu við annað félag.

#### 3.4.

Aðildarfélögin setja sér sjálf lög enda samræmist þau lögum hlutaðeigandi kjördæmissambands og lögum Framsóknarflokksins. Félögum er heimilt að innheimta félagsgjöld. Lög aðildarfélags og breytingar á þeim skal leggja fyrir stjórn hlutaðeigandi kjördæmissambands til staðfestingar og öðlast breytingarnar ekki gildi fyrr en að lokinni staðfestingu kjördæmisstjórnarinnar.

#### 3.5.

Rísi ágreiningur um hvernig túlka beri lög aðildarfélags sker stjórn félagsins úr með ákvörðun. Kæra má þá ákvörðun til laganefndar Framsóknarflokksins. Ákvörðun félagsstjórnar gildir þó þar til laganefnd hefur kveðið upp úrskurð um málið.

### 4. kafli – Um kjördæmissambönd.

#### 4.1.

Aðildarfélög í hverju kjördæmi hafa með sér samband, kjördæmissamband. Kjördæmissambönd hafa umsjón með og frumkvæði að flokksstarfi í sínu kjördæmi. Heimilt er þó að eitt kjördæmissamband starfi fyrir bæði Reykjavíkurkjördæmi norður og Reykjavíkurkjördæmi suður.

#### 4.2.

Kjördæmissamband skal halda fulltrúafund – kjördæmisþing fyrir 15. nóvember ár hvert. Ársreikningur kjördæmissambands skal berast skrifstofu fyrir 15. maí ár hvert staðfestur af stjórn og skoðunarmönnum.

#### 4.3.

Á kjördæmisþingum eiga sæti a.m.k. með atkvæðisrétt:

a) Að lágmarki einn fulltrúi fyrir hverja byrjaða 10 félagsmenn hvers aðildarfélags í kjördæminu. Þó aldrei færri en einn fulltrúi úr hverju sveitarfélagi á félagssvæðinu. Jafnmargir varamenn skulu kjörnir. Fulltrúatala einstakra aðildarfélaga skal miðast við félagaskrá eins og hún liggur fyrir á skrifstofu flokksins 30 dögum fyrir kjördæmisþing, þó að teknu tilliti til gr. 2.4.

MM  
LDA

- b) Aðalmenn í stjórn hlutaðeigandi kjördæmissambands.
- c) Aðalmenn í miðstjórn Framsóknarflokksins sem eiga lögheimili í kjördæminu. Enn fremur skulu allir félagsmenn í kjördæminu hafa rétt til að sækja kjördæmisþing með málfrelsi og tillögurétt. Eigi síðar en 15 dögum fyrir kjördæmisþing skal stjórn kjördæmissambands skipa starfsnefnd sem tekur á mótum tillögum um frambjóðendur sem kosið verður um til trúnaðarstarfa.

#### 4.4.

Stjórn hvers kjördæmissambands skal að afloknu kjördæmisþingi senda skrifstofu flokksins skýrslu um störf sambandsins, upplýsingar um hverjir skipa stjórn og aðrar trúnaðarstöður sem og afrit af skýrslum þeirra félaga sem aðild eiga að viðkomandi kjördæmissambandi.

#### 4.5.

Framkvæmdastjórn flokksins og framkvæmdastjóri eiga seturétt á þingum og fundum kjördæmissambanda með málfrelsi og tillögurétt.

#### 4.6.

Kjördæmissambönd setja sér sjálf lög enda samræmist þau lögum Framsóknarflokksins. Lög kjördæmissambanda og breytingar á þeim skal leggja fyrir landsstjórn flokksins til staðfestingar og öðlast breytingar ekki gildi fyrr en að lokinni staðfestingu landsstjórnar.

#### 4.7.

Rísi ágreiningur um hvernig túlka beri lög kjördæmissambands eða reglur um frambjóðendaval sker stjórn viðkomandi kjördæmissambands úr með ákvörðun. Kæra má þá ákvörðun til laganefndar Framsóknarflokksins. Ákvörðun stjórnar kjördæmissambands gildir þó þar til laganefnd hefur kveðið upp úrskurð um málið.

### 5. kafli – Um aðferð við val á lista.

#### 5.1.

Við alþingiskosningar skal kjördæmissamband bjóða fram lista Framsóknarflokksins í sínu kjördæmi. Heimilt er þó, ef eitt kjördæmissamband starfar í Reykjavík, að það bjóði fram á sínum vegum lista Framsóknarflokksins bæði í Reykjavíkurborg kjördæmi norður og Reykjavíkurborg kjördæmi suður. Kjördæmisþing sér um framkvæmd vals og gengur frá framboðslista. Reglur um framboð eiga að liggja fyrir a.m.k. 6 mánuðum fyrir reglulegar alþingiskosningar. Reglur um val frambjóðenda geta verið af fimm gerðum: Póstkosning; lokað prófkjör; tvöfalt kjördæmisþing; uppstilling; opið prófkjör. Landsstjórn Framsóknarflokksins setur samræmdar reglur sem gilda um alla valkosti í öllum kjördæmum um val vegna framboða til Alþingis og leggur fyrir miðstjórn til samþykktar. Kjörskrá skal lokað 30 dögum fyrir valdag. Framboðsfrestur rennur út 15 dögum fyrir valdag.

Handwritten signatures and initials in the bottom right corner of the page.

Við óreglulegar Alþingiskosningar skulu reglur um framboð liggja fyrir 10 dögum eftir þingrof, kjörskrá vegna vals skal lokað 14 dögum eftir þingrof og framboðsfrestur vegna vals rennur út 14 dögum eftir þingrof.

#### 5.2.

Ef ekki tekst að skipa framboðslista fyrir flokkinn í kjördæmi, skv. gr. 5.1., skal framkvæmdastjórn bjóða fram lista Framsóknarflokksins í samráði við stjórn hlutaðeigandi kjördæmissambands.

#### 5.3.

Við framboð flokksins til sveitarstjórnarkosninga gildir eftirfarandi:

- a) Fulltrúaráð/félagsfundur í hverju sveitarfélagi skal ákveða framboð og aðferð við röðun lista.
- b) Reglur um val frambjóðenda geta verið af fjórum gerðum: Póstkosning; lokað prófkjör; uppstilling; opið prófkjör. Landsstjórn Framsóknarflokksins setur samræmdar reglur sem gilda um alla valkosti í öllum sveitarfélögum. Kjörskrá skal lokað 30 dögum fyrir valdag. Framboðsfrestur rennur út 15 dögum fyrir valdag.
- c) Þar sem fulltrúaráð/framsóknarfélög ná yfir fleiri en eitt sveitarfélag skal atkvæðisréttur um framboð aðeins heimill þeim, sem lögheimili eiga innan þess sveitarfélags, sem kjósa skal í.
- d) Ef Framsóknarflokkurinn myndar framboð með öðrum flokki/flokkum eða samtökum skal fulltrúaráð/félagsfundur framsóknarfélags setja reglur um það hvernig staðið er að slíku samstarfi við aðra flokka eða samtök í sveitarstjórn.

### 6. kafli – Um landssambönd.

#### 6.1.


Innan Framsóknarflokksins starfa þrjú landssambönd. Samband ungra framsóknarmanna (SUF), Landssamband framsóknarkvenna (LFK) og Samband eldri framsóknarmanna (SEF). Hlutverk landssambandanna er að efla og samræma starf aðildarfélaga sinna og auka þátttöku í flokksstarfi.

#### 6.2.

Framkvæmdastjórn flokksins og framkvæmdastjóri eiga seturétt á þingum og fundum landssambandanna með málfrelsi og tillögurétt.

#### 6.3.

Landssamböndin setja sér sjálf lög enda samrýmist þau lögum Framsóknarflokksins. Lög landssambandanna og breytingar á þeim skal leggja fyrir landsstjórn flokksins til staðfestingar og öðlast breytingar ekki gildi fyrr en að lokinni staðfestingu landsstjórnar.



#### 6.4.

Rísi ágreiningur um hvernig túlka beri lög landssambands sker stjórn sambandsins úr með ákvörðun. Kæra má þá ákvörðun til laganefndar Framsóknarflokksins. Ákvörðun sambandsstjórnar gildir þó þar til laganefnd hefur kveðið upp úrskurð um málið.

### 7. kafli – Um sveitarstjórnarráð.

#### 7.1.

Innan Framsóknarflokksins skal starfa sveitarstjórnarráð. Í sveitarstjórnarráði eiga sæti þrír sveitarstjórnarmenn úr hverju kjördæmi landsins. Jafnmargir varamenn skulu kjörnir.

#### 7.2.

Tilgangur sveitarstjórnarráðs er að efla starfsemi Framsóknarflokksins á sviði sveitarstjórnarmála, að auka samstarf sveitarstjórnarmanna flokksins og vera flokksforystu og þingflokki framsóknarmanna til ráðuneytis.

#### 7.3.

Fulltrúar í sveitarstjórnarráði skulu vera aðalmenn í sveitarstjórn, sveitarstjórar eða bæjarstjórar og jafnframt félagsmenn í Framsóknarflokknum. Í þeim kjördæmum, þar sem svo hátar til að færri en 3 einstaklingar uppfylla þessi skilyrði, má kjósa varafulltrúa og eftir atvikum aðalfulltrúa í ráðið úr hópi varamanna í sveitarstjórn. Í höfum til koma þegar ekki eru nægjanlega margir aðal- og varamenn til staðar, skal kjósa áheyrnarfulltrúa í þeirra stað. Áheyrnarfulltrúar hafa málfrelsi og tillögurétt í sveitarstjórnarráði.

#### 7.4.

Fyrsta reglulega kjördæmisþing eftir sveitarstjórnarkosningar kýs fulltrúa í sveitarstjórnarráð. Kjósa skal fulltrúana á kjördæmisþingi skv. gr. 7.3. Kjósa skal í einu lagi þannig að þeir þrír, sem efstir verða í kjörinu, skulu verða aðalfulltrúar og þeir þrír, sem næstir koma, verða varafulltrúar. Kjör sveitarstjórnarráðs gildir fram að fyrsta reglulega kjördæmisþingi sem haldið er að loknum næstu sveitarstjórnarkosningum eftir að kjörið fer fram.

#### 7.5.

Sveitarstjórnarráð skal koma saman a.m.k. einu sinni á ári. Landsstjórn kallar ráðið saman til fyrsta fundar að afloknum sveitarstjórnarkosningum. Á þeim fundi skal ráðið kjósa sér þriggja manna stjórn, formann og tvo meðstjórnendur úr sínum hópi. Stjórnin ber eftir það ábyrgð á starfi ráðsins. Kjör stjórnar gildir þar til lokið er að kjósa í sveitarstjórnarráð að nýju eftir að kjörtímabil þess rennur út, sbr. gr. 7.4.

Handwritten signatures and initials, including "WJA" and "mjm".

## 8. kafli – Um launþegaráð.

### 8.1.

Innan Framsóknarflokksins skal starfa launþegaráð. Í launþegaráðinu eiga sæti þrír fulltrúar úr hverju kjördæmi landsins. Jafnmargir varamenn skulu kjörnir.

### 8.2.

Tilgangur launþegaráðs er að efla hlut launþega innan Framsóknarflokksins, vera til ráðuneytis innan flokksins um málefni launafólks og auka samstarf á meðal þeirra Framsóknarmanna sem starfa innan launþegahreyfingarinnar.

### 8.3.

Kjósa skal fulltrúa í launþegaráð á kjördæmisþingum. Fyrsta reglulega kjördæmisþing eftir alþingiskosningar kys fulltrúa í launþegaráð. Kjósa skal fulltrúa úr hópi launþega í kjördæminu. Kjósa skal í einu lagi þannig að þeir þrír, sem efstir verða í kjörinu, skulu verða aðalfulltrúar og þeir þrír, sem næstir koma, verða varafulltrúar. Kjör launþegaráðsins gildir fram að fyrsta reglulega kjördæmisþingi sem haldið er að loknum næstu alþingiskosningum eftir að kjörið fer fram.

### 8.4.

Launþegaráð skal koma saman a.m.k. einu sinni á ári. Landsstjórn kallar ráðið saman til fyrsta fundar að afloknum alþingiskosningum. Á þeim fundi skal ráðið kjósa sér þriggja manna stjórn, formann og tvo meðstjórnendur og þrjá til vara úr sínum hópi. Stjórnin ber eftir það ábyrgð á starfi ráðsins. Kjör stjórnar gildir þar til lokið er að kjósa í launþegaráð að nýju eftir að kjörtímabil þess rennur út, sbr. gr. 8.3.

## 9. kafli – Um flokksþing.

### 9.1.

Framsóknarflokkurinn heldur reglulegt flokksþing sem haustfundur miðstjórnar boðar til, eigi sjaldnar en annað hvert ár og skal það að jafnaði haldið fyrri hluta árs. Framkvæmdastjórn er skylt að boða til flokksþings ef meirihluti kjördæmisþinga óskar þess. Það skal haldið á Suðvesturhorninu innan 45 daga frá því að slík krafa telst réttilega fram komin.

Samþykki flokksþing slit á flokknum samkvæmt ákvæðum greinar 15.12 skal framkvæmdastjórn boða til síðara flokksþings eins fljótt og við verður komið.

### 9.2.

Flokksþing ákveður meginstefnu flokksins í landsmálum, setur flokknum lög og hefur æðsta vald í málefnum hans. Á flokksþingi skal ritari flytja skýrslu um starf flokksins frá síðasta þingi og framkvæmdastjóri flytja skýrslu um fjármál flokksins frá sama tímabili.

Handwritten signatures and initials, including what appears to be 'LDA' and other illegible marks.



Drög að málefnum sem álykta skal um á flokksþingi skulu vera tilbúin og berast til flokksfélaga viku fyrir flokksþing.

### 9.3.

Á flokksþingi skal kjósa formann Framsóknarflokksins og skal hann jafnframt vera formaður miðstjórnar flokksins. Þá skal á flokksþingi kjósa varaformann, ritara og tvo skoðunarmenn reikninga. Einnig skal kjósa tvo meðstjórnendur í laganefnd og tvo til vara. Ennfremur skal kjósa tvo meðstjórnendur siðanefndar og tvo til vara.

### 9.4.

Innan flokksins starfar laganefnd. Hana skipa formaður sem framkvæmdastjórn skipar, auk tveggja meðstjórnenda sem flokksþing kys. Formaður skal vera lögfræðimenntaður. Hlutverk nefndarinnar er að skera úr um ágreining sem upp kann að koma um hvernig túlka beri lög þessi, lög einstakra félaga eða sambanda flokksins, sem og reglur um frambjóðendaval. Nefndin skal úrskurða í málum sem kærð eru til hennar skv. nanari akvæðum í lögum þessum innan 30 daga. Úrskurðir nefndarinnar skulu vera skriflegir.

Ef brýna nauðsyn ber til að fá niðurstöðu eða úrskurð í ágreiningsmálum sem falla undir verksvið nefndarinnar á sem skemmstum tíma má skjóta málum til hennar beint og án málskots til annarra aðila skv. lögum þessum. Nefndin skal við slíkar aðstæður meta sjálfstætt hvort um svo brýnar aðstæður er að ræða að þær réttlæti frávik frá venjulegri málsmeðferð. Úrskurðir laganefndar í ágreinings- eða túlkunarmálum, sem til hennar er skotið, eru endanlegir innan Framsóknarflokksins.

### 9.5.

Innan flokksins starfar siðanefnd. Hana skipa formaður sem framkvæmdastjórn skipar, auk tveggja meðstjórnenda sem flokksþing kys.

Tilkynningar til siðanefndar skulu vera skriflegar. Veita skal þeim sem sætir rannsókn vegna brota á siðareglum andmælarétt og mál skulu nægilega upplýst áður en siðanefnd gefur álit sitt. Siðanefnd gefur rökstutt álit á því hvort siðareglur Framsóknarflokksins hafi verið brotnar innan 30 daga frá því tilkynning berst. Ef um brot sé að ræða skal siðanefnd gefa álit sitt út frá eftirfarandi stigskiptingu: (i) minniháttar brot; (ii) brot; (iii) alvarlegt brot. Brot gegn siðareglum sem jafnframt er brot gegn landslögum skal að jafnaði talið alvarlegt. Afl atkvæða ræður afstöðu siðanefndar, þó skal álit um alvarlegt brot vera einróma. Álit siðanefndar um túlkun á siðareglum Framsóknarflokksins er endanlegt. Hægt er að skjóta atriðum sem varða málsmeðferð siðanefndarinnar til laganefndar Framsóknarflokksins.

Framkvæmdastjórn skal taka fyrir álit siðanefndar um brot á siðareglum og álykta um viðbrögð við þeirri niðurstöðu. Ef um alvarlegt brot sé að ræða skal framkvæmdastjórn að jafnaði álykta um að viðkomandi trúnaðarmaður Framsóknarflokksins sé leystur tímabundið undan öllum trúnaðarstörfum. Ef um alvarlegt brot sé að ræða skal næsti reglulegi miðstjórnarfundur taka fyrir ályktun framkvæmdastjórnar og taka afstöðu til þess

Handwritten signatures and initials, including a large signature and the word "VEN" written vertically.

hvort viðkomandi trúnaðarmaður skuli ótímabundið leystur undan öllum trúnaðarstörfum fyrir Framsóknarflokkinn. Flokksþing setur Framsóknarflokki síðareglur með sama hætti og lög þessi og teljast allir flokksmenn hafa undirgengist ákvæði þeirra."

#### 9.6.

Hvert flokksfélag hefur rétt til að senda einn fulltrúa með atkvæðisrétt á flokksþing fyrir hverja 15 félagsmenn eða brot úr þeirri tölu. Jafnmargir varamenn skulu kjörnir. Fulltrúatala og kjörgengi skal miðast við félagatal eins og það liggur fyrir á skrifstofu flokksins 30 dögum fyrir flokksþing, þó að teknu tilliti til gr. 2.4. Um fyrirkomulag kosninga fulltrúa fer eftir lögum einstakra aðildarfélaga. Aðildarfélög skulu tilkynna val sitt á fulltrúum á flokksþing til skrifstofu flokksins eigi síðar en viku áður en flokksþing er sett og bera þau ábyrgð á kjörgengi fulltrúa sinna. Við upphaf flokksþings skal kosin kjörbréfanefnd þriggja aðila sem úrskurðar um gildi kjörbréfa og útbýr endanlegan lista yfir réttkjörna flokksþingsfulltrúa með atkvæðisrétt. Ákvörðunum kjörbréfanefndar er unnt að skjóta til flokksþings sem getur fellt þær úr gildi með 2/3 hluta atkvæða. Sérhverjar ákvarðanir flokksþings eru endanlegar og verður gildi þeirra ekki skotið til laganefndar. Allir félagsmenn í flokki hafa rétt til að sækja flokksþing og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

#### 9.7.

Miðstjórnarmenn eiga sæti á flokksþingi með atkvæðisrétti.

### 10. kafli – Um miðstjórn.

#### 10.1.

Miðstjórn fer með umboð flokksins á milli flokksþinga og útfærir meginstefnu hans í landsmálum. Miðstjórn ákvarðar um þátttöku flokksins í ríkisstjórn. Málefnaþing um ríkisstjórnarsamstarf skal leggja fyrir miðstjórn.

#### 10.2.

Í miðstjórn eiga sæti:

1. Einn fulltrúi fyrir hverja 100 félagsmenn í hverju kjördæmi eða brot úr þeirri tölu umfram 50. Þessir fulltrúar skulu kosnir á kjördæmisþingum til eins árs í senn eftir reglum sem hlutaðeigandi kjördæmissamband setur. Þriðjungur fulltrúanna hið minnsta skal vera úr hópi ungs framsóknarfólks. Jafnmargir varamenn skulu kjörnir á sama hátt.
2. Alþingismenn flokksins og ráðherrar.
3. Landsstjórn og framkvæmdastjórn Framsóknarflokksins.
4. Fyrirverandi þingmenn og ráðherrar Framsóknarflokksins enda séu þeir félagsmenn.

5. Aðalmenn í sveitarstjórn og framkvæmdastjórar sveitarfélaga enda séu þeir félagsmenn.
6. Stjórn og varastjórn launþegaráðs Framsóknarflokksins, sbr. gr. 8.4.
7. Sjö fulltrúar kosnir af landsstjórn.

#### 10.3.

Miðstjórn skal boðuð til fundar tvisvar á ári, vor og haust með 30 daga fyrirvara. Þó er heimilt að boða til auka fundar miðstjórnar með skemmri fyrirvara. Á haustfundi skal taka félagsstarf flokksins á komandi starfsári sérstaklega til umræðu. Aðrir fundir miðstjórnar skulu haldnir þegar landsstjórn flokksins ákveður og eru þeir löglegir ef þar mætir meirihluti miðstjórnarmanna. Einnig er skylt að boða til miðstjórnarfundar ef þriðjungur miðstjórnarmanna krefst þess skriflega.

#### 10.4.

Á haustfundi miðstjórnar skulu miðstjórnarmenn kjósa úr sínum hópi til eins árs í senn.

- a) Fjóra fulltrúa í fræðslu- og kynningarnefnd Framsóknarflokksins og tvo til vara.
- b) Fjóra fulltrúa í málefnanefnd Framsóknarflokksins og tvo til vara.

#### 10.5.

Innan miðstjórnar starfar fræðslu- og kynningarnefnd. Hana skipa formaður sem framkvæmdastjórn skipar og fjórir meðstjórnendur skv. a-lið gr. 10.4. Hlutverk nefndarinnar er að skipuleggja og hafa umsjón með framkvæmd kynningar- og fræðslumála Framsóknarflokksins. Nefndin skal flytja skýrslu um störf sín á haustfundi miðstjórnar ár hvert.

#### 10.6.

Innan miðstjórnar starfar málefnanefnd. Hana skipa formaður sem framkvæmdastjórn skipar og fjórir meðstjórnendur skv. b-lið gr. 10.5. Hlutverk nefndarinnar er að skipuleggja og hafa umsjón með málefnavinnu og stefnumótunarvinnu Framsóknarflokksins. Nefndin skal flytja skýrslu um störf sín á haustfundi miðstjórnar ár hvert.

#### 10.7.

Ef formaður flokksins hverfur úr embætti tekur varaformaður við störfum hans. Miðstjórn skal þá kjósa nýjan varaformann á næsta fundi sínum og gildir kjör hans til næsta flokksþings þar á eftir.

#### 10.8.

Ef varaformaður eða ritari hverfa úr embætti þá skal miðstjórn kjósa aðra í þeirra stað á næsta fundi sínum og gildir kjör þeirra fram að næsta flokksþingi þar á eftir.

#### 11. kafli – Um stjórnir og nefndir.



### 11.1.

Framkvæmdastjórn Framsóknarflokksins skipa formaður flokksins, varaformaður, ritari, formaður þingflokks og formenn SUF, LFK og SEF. Framkvæmdastjórn fer með umboð miðstjórnar milli miðstjórnarfunda.

### 11.2.

Landsstjórn flokksins skipa framkvæmdastjórn flokksins, formenn kjördæmissambanda, formaður sveitarstjórnaráðs og formaður launþegaráðs. Formaður og varaformaður kjördæmasambands Reykjavíkur eiga sæti í landsstjórn ef einungis eitt kjördæmasamband starfar í Reykjavík. Ritari Framsóknarflokksins er formaður landsstjórnar. Landsstjórn mótar stefnu um innra starf flokksins og skal funda a.m.k. þrisvar á ári. Landsstjórn skal flytja skýrslu um störf sín á haustfundi miðstjórnar ár hvert.

### 11.3.

Innan flokksins starfar fjármálanefnd sem heyrir undir framkvæmdastjórn. Framkvæmdastjórn skipar formann og fjórir meðstjórnendur eru kosnir af landsstjórn. Hlutverk nefndarinnar er að skipuleggja fjáröflunarstarf Framsóknarflokksins og hafa umsjón með framkvæmd þess í samráði við framkvæmdastjóra. Nefndin skal flytja skýrslu um störf sín á haustfundi miðstjórnar ár hvert.

### 11.4.

Jafnréttisfulltrúi heyrir undir landsstjórn Framsóknarflokksins og kynnir henni árlega stöðu jafnréttismála í flokknum. Jafnréttisfulltrúi er jafnframt formaður jafnréttisnefndar sem skipuð er fulltrúa þingflokks, LFK og SUF auk framkvæmdastjóra.

## 12. kafli – Um þingflokk.

### 12.1.

Þingmenn Framsóknarflokksins mynda með sér þingflokk. Á fundum þingflokks eiga auk þess sæti ráðherrar flokksins, formaður, varaformaður, ritari og framkvæmdastjóri flokksins, formenn landssambanda og í forföllum varamaður þeirra eftir nánara samkomulagi með málfreisi og tillögurétt. Þingflokkur kýs ráðherra flokksins.

### 12.2.

Þingflokkur kýs sér formann, varaformann og ritara úr sínum hópi í upphafi hvers þings. Að öðru leyti setur þingflokkurinn sér sjálfur starfsreglur enda fari þær ekki í bága við lög þessi. Þær skulu staðfestar af landsstjórn sem og breytingar á þeim.

LDA  
MH  
PH

### 12.3.

Þingflokkur skal halda a.m.k. einn sameiginlegan fund ár hvert með landsstjórn, framkvæmdastjórn, og formönnum fastanefnda, skv. gr. 9.4, 10.5, 10.6 og 11.3.

## 13. kafli – Um skrifstofu.

### 13.1.

Framsóknarflokkurinn starfrækir skrifstofu sem vinnur að framkvæmd og skipulagningu félagsstarfs flokksins á landsvísu eftir nánari ákvörðunum miðstjórnar, framkvæmdastjórnar og landsstjórnar. Auk þess skal hún vera alhliða þjónustumlöstöð fyrir einstök aðildarfélög og sambönd flokksins í félagsstarfi. Skrifstofan hefur umsjón með félagatali flokksins og útgáfumálum.

### 13.2.

Framkvæmdastjórn ræður framkvæmdastjóra flokksins sem situr fundi framkvæmdastjórnar með málfreiði og tillögurétt og er hann jafnframt framkvæmdastjóri þingflokks Framsóknarmanna. Framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk flokksins. Skal framkvæmdastjóri m.a. stýra skrifstofu flokksins og fjármálum hans í samráði við framkvæmdastjórn. Framkvæmdastjóri ritar firma félagsins.

## 14. kafli – Um upplýsingaskyldu.

### 14.1.

Allir þeir trúnaðarmenn flokksins sem starfa sinna vegna fá gögn úr félagaskrá Framsóknarflokksins, eiga að fara með upplýsingarnar í trúnaði og er óheimilt að dreifa þeim á einhvern hátt. Vísað er til laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000.

## 15. kafli – Ýmis ákvæði.

### 15.1.

Allar kosningar samkvæmt lögum þessum skulu vera skriflegar ef þess er óskað. Heimilt er að hafa kosningar rafrænar ef því verður við komið. Verður þá heimilt að kjósa rafrænt í öllum kosningum innan flokksins, þar með talið á milli tillagna eða frambjóðenda ásamt því að geta samþykkt lista í heild sinni. Atkvæðaseðlar skulu eyðilagðir að lokinni kosningu að liðnum kærufresti.

### 15.2.

Ef ekki er annað tekið fram í lögum þessum skal einfaldur meirihluti ráða ákvörðunum innan Framsóknarflokksins.

### 15.3.

Heimilt er að halda fundi með rafrænum hætti. Félagsmenn skulu auðkenna sig með rafrænum skilríkum komi til atkvæðagreiðslu.

### 15.4.

Kjör formanns, varaformanns og ritara á flokksþingi skal fara fram með aðgreindum hætti í skriflegri eða rafrænni óhlutbundinni kosningu. Heimilt er þó að kjósa til tveggja eða þriggja embætta á sama tíma ef flokksþingið samþykkir. Hljóti enginn hreinan meirihluta greiddra atkvæða, þ.e. yfir 50% að meðtöldum auðum atkvæðum og ógildum, í embætti formanns, varaformanns eða ritara, skal þegar í stað fara fram önnur umferð. Eru þá þeir tveir einir í kjöri sem flest atkvæði hlutu í fyrri umferð og telst sá kjörinn sem hlýtur fleiri atkvæði í síðari umferðinni.

### 15.5.

Skoðunarmenn reikninga skulu kosnir á flokksþingi úr hópi félagsmanna eftir uppástungu enda liggi fyrir samþykki viðkomandi félaga áður en að kosningu kemur. Skrifleg kosning skal fara fram með sama hætti og við kjör embættismanna flokksins skv. gr. 15.1. ef stungið er upp á fleirum en tveimur. Skoðunarmenn reikninga yfirfara reikning flokksins og öll reikningsgögn fyrir hvert starfsár. Þeir skulu staðfesta árleg reikningsuppgjör flokksins með áritun sinni. Á flokksþingi skal kjósa til tveggja ára löggiltan endurskoðanda sem endurskoðar reikninga flokksins.

### 15.6.

Kjördæmissambönd og flokksfélög skulu ákveða málefnaáherslur flokksins á sínu félagssvæði í héraðs- og bæjarmálum eftir því sem þau telja ástæðu til enda samræmist þær stefnuskrá flokksins.

### 15.7.

Framboð til sveitarstjórnar er í höndum aðildarfélaga í viðkomandi sveitarfélagi. Aðildarfélög ákveða hvaða aðferð skal viðhafa við val frambjóðenda, sjá um framkvæmd valsins og ganga frá framboðslista.

### 15.8.

Rísi ágreiningur um hvernig beri að túlka lög þessi sker landsstjórn úr með ákvörðun. Kæra má þá ákvörðun til laganefndar flokksins. Ákvörðun landsstjórnar ræður þó þar til laganefnd hefur kveðið upp úrskurð um málið.

### 15.9.

Við skipan í trúnaðar- og ábyrgðarstöður innan flokksins sem og við val á framboðslista hans skal hlutur hvors kyns ekki vera lægri en 40% nema þegar gagnsæjar og augljósar ástæður eru því til fyrirstöðu. Jafnréttisnefnd og LFK skulu eftir þörfum vera til ráðgjafar um að ná markmiði þessu fram.



**15.10.**

Framboð til setu í fastanefndum flokksins skal berast til skrifstofu sjö dögum fyrir val viðkomandi nefndar og skal þess getið í fundarboði. Ef ekki berast framboð skal landsstjórn tilnefna fulltrúa í viðeigandi nefndir.

**15.11.**

Öllum þeim sem gegna trúnaðarstörfum í nafni Framsóknarflokksins ber að fylgja lögum og siðareglum sem Framsóknarflokkurinn setur sér.

**15.12.**

Ákvörðun um slit flokksins skal tekin af tveimur flokksþingum í röð. Til samþykktar þarf 2/3 hluta atkvæða á báðum þingum. Seinna flokksþing skal ákveða um ráðstöfun eigna flokksins.

**15.13.**

Lögum þessum verður aðeins breytt á flokksþingi með 2/3 hlutum greiddra atkvæða.

**15.14.**

Áliar tillögur til breytinga á lögum þessum þurfa að berast skrifstofu Framsóknarflokksins a.m.k. 15 dögum fyrir flokksþing. Laganefnd skal yfirfara þær tillögur sem berast og skila umsögn til viðkomandi málefnaþóps á næsta flokksþingi.

**15.15.**

Lög þessi öðlast gildi að loknu 31. Flokksþingi Framsóknarmanna 2011. Jafnframt falla úr gildi fyrri lög Framsóknarflokksins sem samþykkt voru á 30. Flokksþingi Framsóknarmanna 2009.

*Samþykkt á 31. Flokksþingi Framsóknarmanna 2011.*

*Svo breytt á 35. Flokksþingi Framsóknarmanna 2018.*

*Svo breytt á 36. Flokksþingi Framsóknarmanna 2022.*

*Þó. Frið. Friðmann*  
*Jón Þorláksson*  
*Cija D. Agreetsdóttir*



D, C, K

Móttekið  
19. jan. 2022



560169-7449  
**Tilkynning um breytingu  
félagasamtaka í stjórnálasamtök**

Skv. lögum nr. 162/2000

Nafn samtakanna	Framsóknarflokkurinn	Kennitala	560169-7449
Heimilisfang	Hverfisgötu 33		
Póstnúmer	101	Sveitarfélag	Reykjavík
Netfang	framsokn@framsokn.is		

Móttekið  
- 1. apríl 2022



Stjórn félagsins skipa samkvæmt fundi (dagsetning):

10.03.2018

Formaður stjórnar

Nafn	Sigurður Ingi Jóhannsson	Kennitala	200462-3789	Netfang	sij@althingi.is
------	--------------------------	-----------	-------------	---------	-----------------

Meðstjórnendur

Nafn	Lilja Dögg Alfreðsdóttir	Kennitala	041073-4629	Netfang	liljaa@althingi.is
Nafn	Jón Björn Hákonarson	Kennitala	270173-3149	Netfang	jonbjorn@fjardabyggd.is
Nafn		Kennitala		Netfang	
Nafn		Kennitala		Netfang	
Nafn		Kennitala		Netfang	
Nafn		Kennitala		Netfang	
Nafn		Kennitala		Netfang	

Varamenn

Nafn		Kennitala		Netfang	
Nafn		Kennitala		Netfang	
Nafn		Kennitala		Netfang	
Nafn		Kennitala		Netfang	
Nafn		Kennitala		Netfang	
Nafn		Kennitala		Netfang	
Nafn		Kennitala		Netfang	

Móttekið  
- 6. apríl 2022  
Skatturinn

Framkvæmdastjóri

Nafn	Helgi Haukur Hauksson	Kennitala	021284-2389	Netfang	helgi@framsokn.is
------	-----------------------	-----------	-------------	---------	-------------------

Prókúruhafar

Nafn		Kennitala		Netfang	
Nafn		Kennitala		Netfang	



Firmaritun (skv. samþykktum)

---

---

Staður og dagsetning Reykjavík 18. janúar 2022.

Með tilkynningunni þurfa eftirfarandi gögn að fylgja:

- Yfirlit yfir flokkseiningar og hlutverk þeirra
- Samþykktir samtakanna, undirritaðar af a.m.k. meirihluta stjórnar eða prókúruhafa

Meirihluti stjórnar skal undirrita umsóknina. Með undirritun er því jafnframt lýst yfir að þær upplýsingar sem koma fram í umsókninni séu réttar og þeir sem tilgreindir eru hafi rétt til að skuldbinda (firmaritun) samtökin að lögum.

Nafn

*Þing. Þóroddur Þóroddsson*

Kennitala

200462-3789

*Eiga Þ. Ágústsson*

041073-4629

*Þing. Þóroddur Þóroddsson*

270173-3149

Tilkynningargjald 2.000 kr. - staðgreiðist eða greiðist inn á reikning:  
Skatturinn, kt. 540269-6029, reikningur 0515-26-723000. Kvittun þarf að fylgja.

Firmanafn (skv. samþykktum)

~~Stofnun Háskólu Íslands~~

Frundaremdagsgætt

~~5212 2389~~

Staðir og dagsetning

Reykjavík 18. janúar 2022.

Móttekið

UR - 6. apríl 2022

Skatturinn

Með tilkynningunni þurfa eftirfarandi gögn að fylgja:

- Yfirlit yfir flokkseiningar og hlutverk þeirra
- Samþykktir samtakanna, undirritaðar af a.m.k. meirihluta stjórnar eða prókúruhafa

Meirihluti stjórnar skal undirrita umsóknina. Með undirritun er því jafnframt lýst yfir að þær upplýsingar sem koma fram í umsókninni séu réttar og þær sem tilgreindir eru hafi rétt til að skuldbinda (firmanafn) samtökin að lögum.

Mr. Friði Jóhannsson

Skatturinn

200462-3789

Eyja D. Áspóelsdóttir

041073-4629

Ár. E. E. E. E. E.

270173-3149

Tilkynningarjald 2.000 kr. - staðgreiðist eða greiðist inn á reikning:  
Skatturinn, kt. 540268-6029, reikningur 0615-26-72.000. Kvittun berf að fylgja.

Tryggvágata 19 • 101 Reykjavík • Sími 410 1250 • [www.skatturinn.is](http://www.skatturinn.is)

Þinggerð 36. flokksþings Framsóknar 19.-20. mars 2022

**Þinggerð**  
36. flokksþings Framsóknar  
19. – 20. mars 2022  
haldið á Grand Hótel.



### Laugardagur 19. mars 2022

#### Þingsetning og kosning þingforseta:

Laugardagur kl. 9.00 – Formaður Framsóknarflokksins, Sigurður Ingi Jóhannsson, setti 36. flokksþing Framsóknar. Bar hann upp tillögu um þingforseta fyrir báða þingdagana:

Í dag laugardag: Sindri Sigurgeirsson, Katrín Sigurjónsdóttir,

Á morgun sunnudag: Helgi Héðinsson og Elsa Lára Arnardóttir

Tillagan var samþykkt með lófaklappi.

#### Kosning þingritara:

Þingforsetar, Sindri Sigurgeirsson, Katrín Sigurjónsdóttir og Helgi Héðinsson, tóku til starfa. Borin var upp tillaga um þingritara:

Í dag laugardag: Björn Ívarsson og Anný Björk Guðmundsdóttir

Á morgun sunnudag: Einar Gunnar Einarsson og Hjördís Guðný Guðmundsdóttir.

Tillagan var samþykkt með lófaklappi.

Þingforsetar fóru yfir dagskrá þingsins. Þá var gengið til kosninga um nefndir þingsins.

#### Kosning kjörbréfanefndar (5):

Þingforseti gerði tillögu um:

*Guðveig Eyglóardóttir* – formaður

Helgi Héðinsson

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir

Garðar Smári Gunnarsson

Ragnar Þorgeirsson

Tillagan var samþykkt með lófaklappi.

#### Kosning kjörstjórnar (7):

Þingforseti gerði tillögu um:

A handwritten signature in black ink, appearing to be "LMA".

A handwritten signature in black ink, appearing to be "33".

A handwritten signature in black ink, appearing to be "RA".

*Sigfús Ingi Sigfússon- formaður*

Andri Björgvin Arnbórsson

Fanný Gunnarsdóttir

Hildur Helga Gísladóttir

Mínerva Björg Sverrisdóttir

Ólafur Sigmarsson

Ásgeir Harðarson

Tillagan var samþykkt með lófaklappi.

**Kosning samræmingarnefndar (3):**

Þingforseti gerði tillögu um:

*Sigurður Eyþórsson formaður*

Eydís Bára Jóhannsdóttir

Pálína Margeirsdóttir

Tillagan var samþykkt með lófaklappi.

**Kosning dagskrárnefndar (3):**

Þingforseti gerði tillögu um:

*Arnar Þór Sævarsson - formaður*

Davíð Sigurðsson

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir

Tillagan var samþykkt með lófaklappi.



### Skýrsla ritara:

Ritari bauð alla flokksþingsgesti hjartanlega velkomna og lýsti yfir ánægju sinni með að flokksþing sé hafið enda ekki verið hægt að halda slíkt síðan árið 2018 vegna covidfaraldursins. En þetta flokksþing er líka sérstakt fyrir þær sakir að nú er það í fyrsta sinn tveir dagar að lengd og horfið frá fyrra fyrirkomulagi sem var þrjú dagar. Sú ákvörðun var tekin eftir beiðni flokksmanna um að stytta það til minnka kostnað flokksfólks. Skipaður var um það starfshópur sem lagði fram grunn að dagskrá sem Landsstjórn flokksins svo útfærði og samþykkti. Mikilvægt væri því að flokksþingsgestir ynnu vel og skipulega á þinginu til að dagskráin gengi vel eftir. Ritari fór svo yfir flokksstarfið frá síðasta þingi almennt. Landsstjórn haldið á þessu tímabili 18 fundi ásamt því að miðstjórn hefur fundað vor og haust og nýttar hafa verið rafrænar lausnir í flokksstarfinu vítt og breitt. Hefur það verið magnað að fylgjast með elju og dugnaði flokksmanna í þeim efnum. Þá þakkaði ritari flokksfólki og frambjóðendum í alþingiskosningunum 2021 fyrir allt sitt starf í kringum þær sem leiddu til glæsilegs sigurs. Síðan þakkaði ritari fyrir gott samstarf á síðustu sex árum en hann mun ekki gefa kost á sér til kjörs ritara á sunnudaginn kemur. Vegna þessa fór ritari yfir starfið sem hann hefur verið í síðustu sex ár, helstu verkefni eins og stofnun SEF og eflingu innra starfs flokksins sem ekki hefið verið mögulegt nema fyrir gott samstarf við grasrót flokksins. Þá einnig ræddi hann þau verkefni sem hann hefði viljað ná að sinna betur og hvetur hann næsta ritara til að taka upp á sína arma. Er það sérstaklega efling Launþegaráðs sem er mikilvægur vettvangur fyrir Framsóknarflokkinn. Að því búnu þakkaði hann öllum gott samstarf og óskaði flokksþingsgestum velfarnaðar í störfum þeirra á þinginu.

### Mál lögð fyrir þingið og stjórnmalastofur:

Þingforseti fer yfir dagskrá dagsins og kynnir hópa, hópstjóra og hópritara.

#### 1. Stjórnskipan, mannréttindi og dómsmál

Hópstjóri: Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir      Hópritari: Gunnar Sær Ragnarsson

#### 2. Bygga-, samgöngu og sveitarstjórnarmál

Hópstjóri: Stefán Vagn Stefánsson      Hópritari: Liv Ása Skarstad

#### 3. Mennta-, menningar-, íþrótt og tómstundamál

Hópstjóri: Fanný Gunnarsdóttir      Hópritari: Guðjón Þór Jósefsson

#### 4. Loftslags-, umhverfis- og auðlindamál

Hópstjóri: Einar Sveinbjörnsson      Hópritari: Sonja Lind

#### 5. Stjórn málaályktun – Utanríkismál

Hópstjóri: Njáll Ragnarsson      Hópritari: Magnea Gná Jóhannsdóttir

#### 6. Velferðarmál I - (Fjalli um velferðarskjalið að kaflanum Amma og afi)

Hópstjóri: Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir      Hópritari: Alex Björn Eulow Stefánsson

#### 7. Velferðarmál II - (Fjalli um velferðarskjalið frá og með kaflanum Amma og afi)

Hópstjóri: Halla Karen Kristjánsdóttir      Hópritari: Díana Hilmisdóttir

#### 8. Efnahags- og atvinnumál I - (Fjalli um kafla um landbúnað, landnýtingu og matvælaöryggi auk ferðaþjónustu)

LDA  
M M  
BA

Hópstjóri: Einar Freyr Elínarson

Hópritari: Örvar Jóhannsson

9. Efnahags- og atvinnumál II - (Fjalli um kafla um nýsköpun, orkumál og sjávarútvegsmál)

Hópstjóri: Halla Signý Kristjánsdóttir Hópritari: Marta Rut Ólafsdóttir

10. Efnahags- og atvinnumál III - (Fjalli um kafla um efnahags- og ríkisfjármál og atvinnumál) Hópstjóri: Þórarinn Ingi Pétursson Hópritari: Sverrir Kári Karlsson

11. Laganefnd

Hópstjóri: Ágúst Guðjónsson hópritari: Ágúst Guðjónsson

### Nefndastörf hefjast

Kl. 09:50 til 12:00

### Setningarathöfn

Kl. 12:40 – Kynnir á athöfninni var Einar Þorsteinsson.

Lúðrasveit verkalýðsins undir stjórn Karen Janine Sturlaugsson, flutti nokkur lög.

### Yfirlitsræða formanns – Sigurðar Inga Jóhannessonar

#### **RÆÐA SIGURÐAR INGA JÓHANSSONAR FORMANNS FRAMSÓKNAR Á FLOKKSPINGI**

Kæru félagar.

Mikið óskaplega er gaman að sjá ykkur svona mörg saman komin. Maður finnur nú, þegar öllum takmörkunum hefur verið létt, hvað það að hitta fólk, ræða málin og skemmta sér og öðrum er stór þáttur í lífi manns. Við höfum síðustu ár sem þjóð tekist saman á við aðstæður sem hafa virkilega tekið á. Það hefur verið gott að finna fyrir þessari samstöðu þjóðarinnar í baráttunni við heimsfaraldurinn. En nú erum við snúinn aftur og getum hist. – Og loksins getum við haldið flokksþing. Verið öll hjartanlega velkomin.

Það hefur einnig verið gott að finna fyrir samstöðu þjóðarinnar á þessum alvarlegu tímum sem við upplifum nú þegar stríð geisar í austanverðri Evrópu. Ég ólst upp við kalt stríð austurs og vesturs og hélt að ég myndi aldrei eftir hrun Sovétríkjanna, hrun múrsins og lýðræðisvæðingu landanna sem eitt sinn voru austan járntjalds, myndi aldrei upplifa þá ógnartilfinningu sem ég fann bæst innra með mér þegar Pútín minnti á kjarnorkuvopnaeign Rússlands. Við þessari árás Rússa á sjálfstætt ríki bræða sinna og systra í Úkraínu er aðeins eitt svar og það er samstaða. Og það er svo sannarlega samstaða meðal lýðræðisþjóða Vesturlanda í fordæmingu þessarar árásar. Það hefur einnig verið samstaða um að veita stuðningi þeim milljónum sem hafa flúið og eru á flotta frá Úkraínu yfir landamærin til vinveittra þjóða. Við hér á Íslandi höfum eins og aðrar Evrópuþjóðir opnað faðm okkar og

boðið flóttafólk frá Úkraínu velkomið og munum gera allt sem við getum til að veita þeim öruggt skjól.

Við erum herlaus þjóð. Við þekkjum fæst af eigin raun þann hrylling sem felst í stríði. Við þekkjum fæst þá tilfinningu að sjá á eftir börnum okkar í hernaði, við þekkjum fæst þá tilfinningu að vera knúin til að taka upp vopn og ganga til bardaga- verja land okkar og þjóð - og eiga von á því að deyja í sprengjuregni eða kúlnahrið. Fyrir það getum við verið þakklát. Við njótum þess að vera í varnarbandalagi NATO með vinþjóðum okkar í Evrópu og Bandaríkjunum. Við erum ein af stofnþjóðum bandalagsins og tökum þátt í starfi þess af einurð.

Okkar þekking í vopnabrótti er lítil en þekking okkar í að byggja upp innviði er mikil og getur komið til góða þegar kemur að því að byggja upp eftir stríð.

Vonandi verður stríðið ekki langt og vonandi verður það ekki blóðugra og vonandi næst að stöðva þessi illvirki - **Vonandi** ber rússneska þjóðin gæfa til að losa sig við illmenni úr stjórn þessa merkilega lands sem Rússland er.

Einhver sagði að það væri ekkert til sem héti vinátta þjóða, það væru aðeins hagsmunir sem giltu í samskiptum þjóðríkja. Þess vegna hefur verið lögð mikil áhersla á það að hagsmunir Rússa og Evrópu færu saman. Og þessi áhersla á sameiginlega hagsmuni er nú að valda erfiðleikum í því hvernig áráð Rússa er mætt þegar kemur að viðskiptaþvingunum. Ríki á meginlandi Evrópu eiga nefnilega mikið undir því að geta keypt orku, jarðgas, frá Rússlandi. Og þessi orka er ekki til að knýja bíla eða önnur farartæki, hún er til þess að hita húsnæði fjölskyldna víða um Evrópu, ekki síst í Þýskalandi. Þar er staðan sú að verð á húshitun hefur hækkad gríðarlega nú þegar og getur ef meiri harka færast í leikinn orðið til þess að ekki verði hægt að hita upp húsnæði milljóna fjölskyldna.

Á Íslandi búum við ekki við þessa ógn sem þjóðir Mið- og Austur-Evrópu búa við. Hér erum við sjálfstæð varðandi húshitun okkar og lýsingu og getum drifið framleiðslu okkar áfram með innlendra raforku. Það er þó hætt við því að stríðið og orkukreppan hafi áhrif á hag okkar því líklega eru kaup okkar á jarðefnaeldsneyti um og yfir 120 milljörðum króna á ári hverju. Við getum verið stolt af fyrri orkuskiptum okkar þegar stórhuga fólk á fyrri hluta síðustu aldar hóf hitaveitubyltingu landsins – stærstu loftslagsaðgerðina hingað til. Við getum verið stolt og við getum fengið innblástur úr þeirri byltingu í verkefnið sem er framundan - sem er að gera Ísland fullkomlega sjálfstætt í orkumálum. Og slíkt sjálfstæði er ekki aðeins meira en hundrað milljarða króna gjaldeyrisparnaður – slíkt sjálfstæði er allt.

Við fengum fyrir nokkrum dögum í hendurnar skýrslu sem sýnir að til þess að verða sjálfstæð í orkumálum og til þess að auka lífsgæði okkar enn frekar þá verður að virkja meira. Þvert á orðræðu síðustu ára – er það nauðsynlegt. Það er nauðsynlegt til þess að öðlast algjört sjálfstæði þegar kemur að orkunotkun. Það er nauðsynlegt til þess að mæta skuldbindingum okkar í loftslagsmálum. Og það er nauðsynlegt til að skapa ný störf og framtíðar hagvöxt. Um leið er það nauðsynlegt að við göngum ekki á náttúruna okkar þannig að við getum skilað henni af fullri reisn til komandi kynslóða. Við þekkjum það, Framsóknarfólk, að landið og náttúruauður þess er okkur óendanlega kær. Við erum í grunninn flokkur íslenskra bænda sem hafa frá landnámi verið vörslumenn landsins og þekkjum skýrt ábyrgð okkar gagnvart landinu okkar. Við erum öll náttúruunnendur og verndarar lands.

Við vitum að náttúran hefur stórkostlegt gildi í sjálfri sér. Hún hefur fósrað okkur og við þurfum að fósra hana. Við vitum gildi hennar fyrir ferðaþjónustuna sem er mikilvægur þáttur í atvinnulífi okkar og hagkerfi og þá ekki síst í hinum dreifðu byggðum hringinn í kringum

WDA  
M  
X



landið. Við þekkjum ógnir náttúrunnar, jarðskjálfta, eldsumbrot, við þekkjum válynd veður og ufinn sjó. Við höfum lifað á gæðum náttúrunnar, á fiskinum, á landbúnaðinum, við höfum hagnýtt orku náttúrunnar til að hita hihýli okkar og knýja atvinnustarfsemi um allt land. Við erum sem þjóð samofin náttúru þessa fallega lands.

Næstu ár og áratugir munu færa okkur spennandi tækifæri í því að byggja upp atvinnu í kringum hreina orku. Þau tækifæri þurfum við að íhuga vel og vandlega. Við megum ekki ana að neinu en við megum ekki heldur sitja aðgerðarlaus og láta tækifærin fram hjá okkur fara. Við getum orðið leiðandi í því að framleiða rafeldsneyti sem mun hjálpa okkur síðustu metrana til orkusjálfstæðis. Við munum þurfa að knýja skipaflota okkar, þungavinnuvélar og flugflota með rafeldsneyti og þá er mikilvægt að við byggjum upp þekkingu og tækni til að búa það til hér á landi. Útflutningur á rafeldsneyti gæti orðið nauðsynlegur til þess að skapa stærðarhagkvæmni í framleiðslunni – og um leið orðið mikilvægur grænn iðnaður sem iðjaþjafi til að leysa iuftsíslagsvandana. Á síkurni iðnaði munum við öli græða – í sátt við náttúru okkar. Slikur iðnaður gæti orðið mikil lyftistöng fyrir byggðir vítt og breitt um landið. Yfir 100 milljarða gjaldeyrissparnaður er ávísun á veruleg lífsgæði samhliða ávinningnum um hreint loft – og engan útblástur kolefnis.

Framsókn hefur í 105 ára sögu sinni verið öflugur talsmaður landbúnaðar á Íslandi. Landbúnaður er grundvöllur byggða um allt land og leggur auk þess grunninn að heilbrigði þjóðarinnar með heilnæmum afurðum. Íslenskur landbúnaður er í urvalsdeild þegar kemur að matvælaöryggi þjóðar á cyju úti í miðju Atlantshafi. Á síðustu árum hefur ný ógn steðjað að heilbrigði heimsins: sýklalyfjaónæmi. Landbúnaður á Íslandi er í þeirri einstöku stöðu að við skipum okkur við hlið Norðmanna þegar kemur að notkun sýklalyfja í ræktun. Við í Framsókn höfum á síðustu árum lagt mikla áherslu á að vernda þessa sérstöðu og um leið standa vörð um kjör og aðstæður bænda. Tækifærin í íslenskum landbúnaði eru mikil og Framsókn mun ekki láta sitt eftir liggja við að skapa tækifæri og nýta til að efla greinina.

Önnur grundvallarvitvinnugrein er sjávarútvegurinn. Íslenskur sjávarútvegur er í fremstu röð í heiminum og er Ísland eitt af fáum löndum sem ekki styður við greinina með ríkisstyrkjum. Íslensk sjávarútvegsfyrirtæki hafa líka náð undraverðum árangri í því að draga úr kolefnislosun í greininni að ekki sé minnst á þann mikla metnað og árangur sem hefur náðst í nýtingu sjávarfangs. Þar er samspil þessarar hefðbundnu greinar við nýsköpun eftirtækta. Íslenskur sjávarútvegur er hátæknigrein þar sem nýjasta tækni, oft fundin upp innan íslenskra fyrirtækja, er nýtt til að auka verðmæti sjávarafða. Sú hugsun er gríðarlega mikilvæg þegar um er að ræða auðlind þjóðarinnar.

Það er ljóst að fullkominn friður hefur ekki níkt um greinina á Íslandi. Það er sjálfstætt vandamál. Ofurhagnaður einstakra fyrirtækja og sífellt aukin itök sjávarútvegsfyrirtækja í öðrum greinum er eitthvað sem við í Framsókn höfum haft áhyggjur af. Við höfum lagt mikla áherslu á að þjóðareign auðlinda verði skýrð í stjórnarskrá Íslands. Því miður hefur stjórnmálaflokkunum ekki auðnast að ná samhljómi um stjórnarskrárbreytingar en við munum leggja okkar af mörkum til að staðfesta það í stjórnarskrá að fiskurinn í sjónum, eins og aðrar auðlindir landsins, séu í eign þjóðarinnar. Við munum líka leggja mikla áherslu á að ná sátt um þau gjöld sem sjávarútvegurinn greiðir, ná sátt um að stærri hluti af ofurhagnaði einstakra fyrirtækja, samhliða verulega aukinni arðsemi greinarinnar næstu 10 ár, renni til þjóðarinnar, eiganda auðlindarinnar. Við erum til í samtalið um hvernig þessi sátt, sem er nauðsynleg, ekki síst fyrir greinina sjálfa – náist.

Það er **mikilvægt** að ná samstöðu um réttlátari skiptingu á hagnaði af sjávarauðlindinni.

Kenn  
HSE  
Minn



Önnur er sú atvinnugrein sem hefur byggst hratt upp og nýtir auðlindir landsins og það er fiskeldið. Það hefur verið ævintýri líkast að sjá öfluga starfsemi byggjast upp í fjörðum austan lands og á Vestfjörðum, að ekki sé talað um metnaðarfullt landeldi víða um land. Um allan heim hefur fiskeldi vaxið – enda hagkvæmasta prótein uppsprettan og sú sem veldur minnsta kolefnisfótspori. Hins vegar höfum við í Framsókn orðað áhyggjur okkar af því hvað eignarhald í fiskeldi er á fárra höndum. Það getur ekki gengið til lengdar að stór hluti fiskeldis við Íslands strendur sé í eigu fárra erlendra aðila. Við þurfum að stíga örugg skref í átt til þess að tryggja dreift íslenskt eignarhald í þessari ört vaxandi grein.

Kæru félagar.

Ætli það hafi ekki verið 1980 sem ég fór í bíó á Flúðum – sem kom fyrir. Þá voru reglulegar kvikmyndasýningar í félagsheimilinu, einu af þessum menningarhúsum landsbyggðarinnar. Til sýningar var kvikmyndin sem er talin marka upphaf íslenska kvikmyndavorsins, *Land og synir*. Kvikmyndin var gerð eftir sögu Indriða G. Þorsteinssonar og leikstýrt af Ágústi Guðmundssyni. Myndin var fyrsta kvikmyndin sem fékk styrk úr Kvikmyndasjóði, sjóði sem stofnaður var af menntamálaráðherra Framsóknar, Vilhjálmi Hjálmarssyni frá Brekku í Mjóafirði árið 1978. Fram að því að sjóðurinn tók til starfa hafði kvikmyndagerð á Íslandi verið stopul en með tilkomu sjóðsins markaði það upphaf samfelldrar kvikmyndagerðar á Íslandi. Næsta stóra skref í sögu umgjörðar kvikmyndagerðar á Íslandi var stigið árið 1999 þegar Finnur Ingólfsson, viðskipta- og iðnaðarráðherra, lagði fram frumvarp um endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi en þau lög tóku gildi 30. mars sama ár.

Við höfum sem flokkur frá upphafi stutt ötullega við íslenska menningu og listir. Og þau skref sem flokkurinn steig í stuðningi við kvikmyndagerð eru örlagarík og hafa skapað umgjörð sem hafa gert íslensku kvikmyndagerðarfólki kleift að vaxa og dafna svo eftir er tekið um allan heim. Í kvikmyndagerðinni mætast allar listgreinarnar í einum punkti þannig að öflug kvikmyndagerð hefur áhrif á aðrar listgreinar.

Menning og listir eru mikilvægir þæðir í vefnaði samfélagsins. Það er samkomulag um að styðja við menningu og listir vegna þess að þær hafa sjálfstætt gildi fyrir samfélagið. Við höfum lagt á það áherslu í okkar starfi að upp geti byggst atvinnugreinar í kringum listgreinarnar, nokkuð sem oft er nefnt skapandi greinar. Þetta er mikilvæg hugsun sem byggir undir það að listamenn og hagkerfið allt geti skapað efnisleg verðmæti – auk þeirra listrænu. Kvikmyndirnar og tölvuleikirnir byggja á þessari hugsun og veita báðar greinar sífellt fleira fólki atvinnu og skapa stöðugt meiri verðmæti fyrir þjóðarbúið. Við höfum þessa vegferð og við munum halda henni áfram af krafti með auknum stuðningi á næstu árum meðal annars með hærri endurgreiðslu vegna kvikmyndaframléiðslu á Íslandi og auknum stuðningi við aðrar skapandi greinar, áherslu á sókn tónlistar á alþjóðlegum mörkuðum, og áherslu á það að efla umhverfi hönnunar og myndlistar. Hugverkaiðnaðurinn var um 160 ma.kr árið 2020, 16% af landsframléiðslu, vex hraðast og á mikið inni og verður orðin stærsta útflutningsgreinin árið 2030. Undir styrkri yfirstjórn varaformanns okkar, menningar og viðskiptaráðherra, Lilju Daggar, munum við vinna ötullega að þessu markmiði næstu árin.

Yfirskrift þessa flokksþings er Ný framsókn fyrir landið allt. Við höfum sýnt það svo ekki verður um villst að Framsókn er flokkur sem hugar að hagsmunum allra landsmanna, hvar sem þeir velja sér búsetu. Eitt af grundvallaratriðum góðs samfélags eru öruggar og greiðar samgöngur. Það hefur ekki farið fram hjá neinum sem ekið hefur um landið okkar síðustu ár að aldrei hefur verið framkvæmt meira í vegakerfinu okkar. Það verður engin breyting á því. Við munum finna fyrir auknu öryggi í umferðinni, bæði út um land og á höfuðborgarsvæðinu. Á síðasta kjörtímabili lagði ég mikla áherslu á að leysa umferðarmál höfuðborgarsvæðisins úr

þeim klakaböndum sem þau höfðu verið í áratugum saman. Það tókst með samgöngusáttmálanum, sáttmála um uppbyggingu stofnbrauta, innviða almenningsamgangna, göngu- göngu og hjólastiga. Þessi sáttmáli mun breyta miklu fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins því brýnt er að bæta umferðarflæði, ekki síst þar sem stöðugt fjölgar á suðvesturhorninu.

Nú hillir loks undir það, ettir áratuga langt ferðalag, að Sundabraut verði að veruleika. Þetta stærsta samgönguverkefni síðustu áratuga, líklega það stærsta frá því Kóngsvegurinn var lagður í byrjun síðustu aldar, mun ekki aðeins tengja höfuðborgina betur við vesturhluta landsins heldur mun Sundabraut einnig létt á umferð um Ártúnsbrekku og ný Sundabru greiða fyrir umferð til og frá Grafarvogi. Það verður stór og ánægjulegur dagur þegar opnað verður fyrir umferð á Sundabraut en það verður samkvæmt áætlun árið 2031.

Hagsmunir barna og ungra fjölskyldna hafa alla tíð verið í öndvægi í starfi Framsóknar. Síðasta kjörtímabil er þar engin undantekning. Mikil áhersla var lögð á að bæta líf barnafjölskyldna. Við lengdum fæðingarorlofið í heilt ár, lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna var samþykkt og lög um nýjan Menntasjóð námsmanna juku stuðning við námsmenn með hörn til mikilla muna. Áfram verður haldið á þeirri braut með innleiðingu fyrirnefndra laga um farsæld barna og mikill kraftur settur í að stytta biðlista barna eftir nauðsynlegri þjónustu. Aukin áhersla hefur á síðustu árum verið lögð á geðheilbrigðismál og verður stuðningur vegna sálfræðiþjónustu aukinn. Það er nefnilega ein af afleiðingum heimsfaraldursins að reynt hefur á andlega heilsu. Við erum mjög meðvitund um að hlúa verði að þeirri hlið heilbrigðiskerfisins enn frekar á næstu árum. Heilbrigðisráðherrann okkar Willum Þór Þórsson hefur þegar sýnt að hann er tilbúinn til að leiða okkur í gegnum ólgusjóinn – honum er er treyst til allra góðra verka.

Mikilvægur grunnur fyrir heilsu landsmanna er hreyfing. Um leið og mikilvægt er að styrkja umgjörðina um frístundir barna og ungmenna þá er orðið brýnt að byggja upp þjóðarleikvang og þjóðarhöll til að lyfta íþróttastarfi landsins enn frekar. Allt er þetta á teikniborðinu og engum treystum við betur til þess að leiða þá vinnu en mennta og barnamálaráðherranum og ráðherra íþróttamála, Ásmundi Einari Daðasyni.

Hagsmunir eldra fólks voru ofarlega á baugi í kosningabaráttunni síðasta haust og munum við vinna að því að efla og samþætta þjónustu við eldra fólk. Einstaklingurinn á að vera hjartað í kerfinu og þau sem hafa árin fram yfir þau okkar sem yngri eru eiga að geta notið efri árunna og notið í auknum mæli þjónustu þar sem þeim líður best – heima hjá sér.

Einn er sá hópur sem samkvæmt gögnum hefur það ekki nógu gott og það eru ungar barnafjölskyldur. Það er brýnt að við búum betur að þeim með fjölbreyttum stuðningi. Fyrstu tvö ár ævinnar eru mikilvæg mótunarár hvers og eins og öryggi, ekki síst þegar kemur að húsnæði, er grundvallaratriði í því tilliti.

Sú mikla áhersla sem lögð er á húsnæðismál í stjórnarsáttmála okkar, Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs og Sjálfstæðisflokks, er eins og töluð út úr hjarta okkar Framsóknarfólks. Í nýju innviðaráðuneyti sem ég stýri eru nú komnir undir eina yfirstjórn helstu þættir sem snúa að uppbyggingu húsnæðis á Íslandi: sveitarstjórnarmál, húsnæðismál og skipulagsmál. Nú þegar er hafin vinna með aðilum vinnumarkaðarins og fleirum til að marka braut til þess að ná jafnvægi á húsnæðismarkaði. Húsnæði er grunnþáttur í lífi fólks. Þar verður að ríkja öryggi. Húsnæði er ekki áhættufjárfesting; húsnæði er nauðsynleg umgjörð um líf okkar allra. Á næstu árum þarf að byggja 4000 íbúðir árlega og allt að 35 þúsund íbúðir á næstu 10 árum. Ljóst er að tíminn er stuttur, en samtalið er þegar byrjað. Undirbúningur sem nú er

unnið að í ráðuneytinu miðar að því að ríki og sveitarfélög hafi sameiginlega sýn á markmið og þróun á húsnæðismarkaði, sameiginlega sýn á markmið um framboð lóða og fjölda íbúða.

Við búum í góðu samfélagi. Allir alþjóðlegir mælikvarðar styðja þá fullyrðingu. Við höfum á síðustu árum séð lífsgæði okkar aukast jafnt og þétt. Við sjáum og finnum að ráðstöfunartekjur hafa aukist og við finnum ekki síst að kostnaður við húsnæði tekur almennt minni skerf af ráðstöfunartekjum. Þau varúðarmerki sem við sjáum á húsnæðismarkaði eru nokkuð sem allir eru sammála um að eru mikilvægasta verkefni næstu ára.

Kæra Framsóknarfólk.

Flokksþing Framsóknar er mikilvægasta stofnun hreyfingarinnar okkar. Flokksþing Framsóknar 2022 er þó ekki aðeins mikilvægur fundur heldur er það sigurhátíð okkar. Við höfum á síðustu árum gengið í gegnum mikið umbrotatímabil. Á sex árum höfum við gengið í gegnum þrennar Alþingiskosningar. Það hefur verið gert alvarlegt áhlaup á tilvist flokksins með klofningi úr okkar röðum. Við fórum í gegnum kosningar 2016 og unnum varnarsigur. Við fórum í gegnum kosningar 2017 og náðum þeim árangri að komast í ríkisstjórn, farsæla ríkisstjórn þriggja flokka sem saman spanna litróf íslenskra stjórn mála. Við höfum séð fylgi flokksins síga í lægstu dali. En þegar á reyndi þá stóðum við saman. Við létum gengi í skoðanakönnunum ekki hafa eyðileggjandi áhrif á okkur, við unnum okkar vinnu af heilindum fyrir íslenskt samfélag. Við þéttum raðirnar og lögðum af stað í síðustu kosningar sem ein sterk heild. Við börðum ekki gegn, við börðumst fyrir. Við í Framsókn skilgreinum okkur út frá því sem við eigum sameiginlegt, hlaupum ekki eftir öfgum heldur erum trú okkar uppruna sem **miðjuflokkurinn** í íslenskum stjórn málum. Í kosningunum til Alþingis haustið 2021 stigum við fram sem sterkt, heilbrigt og sameinandi afl.

Framsókn. Við erum venjulegt fólk sem vinnur fyrir venjulegt fólk - og það sem sameinar okkur er sameiginlegur vilji til að bæta samfélag okkar svo allir fái blómstrað í lífi sínu og starfi. Við í Framsókn erum stolt af því að búa í góðu samfélagi en viðurkennum um leið að það er ekki fullkomið. Við getum alltaf bætt umhverfi okkar og aðstæður. Starfi okkar og erindi lýkur aldrei.

Framsókn er hófsamt umbótaafi sem má aldrei staðna. Og nú þegar ég sé framboðslista Framsóknarfólks birtast einn af öðrum fyrir sveitarstjórnarkosningar sé ég heilbrigða og kraftmikla blöndu af gömlum andlitum og nýjum.

Ég er stoltur af flokknum mínum, stoltur af Framsókn. En fyrst og fremst er ég þakklátur fyrir að standa í stafni þessarar björtu og kraftmiklu stjórn málahreyfingu sem Framsókn er. Og framundan eru mikilvægar kosningar í nærsamfélögum okkar, kosningar sem við munum leggja allt okkar í til að ná góðum árangri.

Við erum í sókn: Framundan er ný framsókn – fyrir landið allt.

## Yfirlitsræða varaformanns – Lilju Daggar Alfreðsdóttur

Þingforseti, formaður Framsóknar og góðir félagar,

Þetta er lífið sem við þurfum að njóta

Handwritten signatures and initials in the bottom right corner, including what appears to be 'Lilja' and 'Daggar'.

*Þetta er lífið sem við þurfum að elska*

*Þetta er lífið sem við þurfum að þykja vænt um*

*Þetta er lífið sem við þurfum að nýta hverrar mínútu*

*Þetta er lífið sem við þurfum að hafa gaman af*

*Þetta er lífið sem við þurfum að lifa til enda*

*Njótum lífsins til enda*

*Þessi ljóðatexti Davíðs Guðmundssonar kjarnar að mörgu leiti það sem lífið snýst um. Fátt er stjórnmálunum óviðkomandi þegar kemur að því að skapa hagfelld skilyrði í samfélagi eins og okkar fyrir fólk til þess að lifa góðu lífi. Hringinn í kringum landið tekur fólk úr ýmsum áttum þátt í stjórnmálum til þess að bæta samfélagið sitt og stuðla að slíkum lífsgæðum! Þar breytir framlag okkar í Framsókn miklu máli!*

*Það má segja að undanfarin 6 ár hafi verið hin stóra prófraun fyrir flokkinn okkar. Á þessum tíma hefur gengið á ýmsu eins og allir vita, meðal annars 3 alþingiskosningar. Ýmsir í samfélaginu áttu sér þann draum heitastan að flokkurinn myndi lognast út af – en við, fólk í flokknum vorum því ekki sammála. Upp reis framsóknarfólk hringinn í kringum landið, fólk sem þótti vænt um aldar gamla flokkinn sinn, fólk sem var tilbúið að taka slaginn fyrir hugsjónum sínum, sigrast á mótbyr og sækja fram til sigurs. Þessi baráttuandi og þrautsegja hefur fylgt okkur síðan þá eins og skugginn.*

*Kæru félagar,*

*Þessi baráttuandi er það sem knýr okkur áfram. Í dag eru akkúrat 57 dagar til sveitarstjórnarkosninga. Nú er það okkar að þenja út vænghafið og hefja okkur til flugs að nýju í komandi kosningabaráttu. Við komum vel nestuð og full orku til leiks eftir vel hæppnaðar alþingiskosningar í september síðastliðnum. Í þeim sýndum við í Framsókn allar okkar bestu hliðar svo eftir var tekið, stórjukum fylgi okkar og komum málefnum og frambjóðendum okkar vel og skilmerkilega á framfæri. Fjölmargir kjósendur samsvara sér vel með því sem við stöndum fyrir, það sem við iðkun og því sem við áörkum fyrir samfélagið okkar. Rótgróin aðferðafræði samvinnu er ekki sjálfgefin – en hana höfum við í Framsókn stuðst við í allri okkar vinnu hvort sem um er að ræða í ríkis- eða sveitarstjórnnum. Fólk er ekki að kalla eftir einstrengislegri vinstri eða hægri stefnu – heldur miðjustefnu sem að virkar og eykur raunverulega lífsgæði íbúanna.*

Þétting eða dreifing byggðar, bíll eða hjól eru dæmi um orðræðu sem hafa hertekið borgarpólítika – þar sem tveir pólar takast hart á, á sama tíma og þjónustu borgarinnar hrakar. Í þessu kristallast þörfin fyrir sterka rödd okkar á miðjunni. Hið augljósa er að tala um þéttingu og dreifingu byggðar, bíl og hjól. Þannig eigum við að nálgast samfélagið, út frá þörfum venjulegs fólks sem vill að hlutirnir virkir – svo því líði betur með sér og sínum. Um það eiga stjórnsmál að snúast og í þeim anda eigum við að halda áfram að vinna.

Kæru félagar,

Ég hef aldrei verið jafn stolt og bjartsýn fyrir hönd flokksins okkar. Ég er þakklát fyrir að tilheyra þessari hreyfingu fólks sem vinnur að því á degi hverjum að gera samfélagið betra en það var í gær. Ég vil halda áfram að leggja mitt af mörkum í embætti varaformanns flokksins til að vinna með ykkur og fyrir ykkur. Því sækist ég eftir áframhaldandi trausti til að sinna því embætti af kostgæfni.

Við í forustunni erum full þakklætis fyrir allt það óeigingjarna starf sem þið leggið á ykkur til þess að vinna hugsjónum Framsóknar brautargengi. Enda þarf ég ekki að líta lengi yfir þennan sal til að sannfærast um hversu öflugum liði við höfum á að skipa. Nýtum þessa helgi vel, höfum gaman og stillum saman strengi okkar fyrir komandi kosningar. Það hefur margoft sýnt sig að það breytir máli hverjir stjórna samfélaginu. Við sem hér erum byggjum á traustasta grunni allra stjórnsmálaflokka á Íslandi og á tímalausri hugsjón samvinnu og vinnusemi. Göngum héðan út samhent og sækjum fram af fullum krafti til sigurs um allt land. Með gleðina að vopni munum við láta framtíðina ráðast á miðjunni – samfélögunum okkar öllum til heilla.

## Almennar umræður

Kl. 13:10

1. *Drífa Sigfúsdóttir* *Formaður Sambands eldri Framsóknarmanna*  
Ræðir málefni eldri borgara. Fjárhagslegt öryggi eldri borgara. Enn að biða eftir að kosningaloforð um tekjutengingar verði afgreitt. Talar um frítekjumark. Talar um að eldra fólk þurfi sterkari rödd og mögulega þurfi kvaðir á aldur í miðstjórn. Tilkynnir að hún verði ekki áfram formaður félags Eldri borgara í framsókn. Kynnir starfssemi félagsins.
2. *Ingibjörg Ísaksen* *Norðaustur*  
Þingflokksformaður flokksins. Bíður nýja félagi velkomna og tala um öfluga grasrót. Talar um starf hins venjulega framsóknarmanns innan flokksins og mikilvægi flokksmanna í starfinu. Ræðir hvernig flokkstarf getur hjálpað á hinum ýmsu sviðum lífsins. Bíður fram aðstoð þingmanna og flokksins í komandi kosningum.



3. *Linda Hrönn Þórisdóttir Suðvestur*  
Formaður landsamhandaframsóknarkvenna. Framsókn er í farabroddi í að jafna hlut kvenna í stjórnámálum. Þarf að tryggja að sá árangur sem náðst hefur standi og ekki komið bakslag. Bendir á að í öðrum löndum eru lög sem vinna gegn framgangi kvenna. Sem og að lækningar eru miðaðar út frá karlmönnum. Landsþing verður haldið 30. Apríl. Ætlar ekki að bjóða sig fram. Þakkar fyrir traust við starf formennsku félagsins. Leggur sig áfram fram við störf í þágu Framsóknar.
4. *Kristbjörg Þórisdóttir Suðvestur*  
Ræðir almennt um flokksþing. Talar um að lífið líður hratt. Talar um sálfræðipjónustu og að það séu 14 ár síðan hún byrjaði að ræða um sálfræðipjónustu fyrir almenning. Ræðir um aukningu á þunglyndi og kvíða og vöntun á sálfræðingum í kerfinu. Hvetur fundinn til að taka virkan þátt og gefa af sér í samfélaginu. Ræðir velsældarfrumvarpið og hvetur Ráðherra og þingmenn til að taka því föstum tókum.
5. *Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir Suðvestur*  
Sáttamiðlun, lausn á ágreiningi innan sem utan réttar. Vill koma sáttamiðlun að í samfélaginu. Sáttamiðlun hefur aukist erlendis en ekki hér á landi. Við hotum bara innleitt sáttamiðlun í barnasáttmálanum. Sáttamiðlun er góður kostur við ýmis mál sem þarf þá ekki að fara fyrir dóm. Lagakerfi heimsin munu styðjast meira við sáttamiðlun í framtíðinni. Sáttamiðlun er ódýrari kostur en að fara fyrir dóm. Kynna þarf sáttamiðlun fyrir almenningi.
6. *Ásgeir Harðarson Suðvestur*  
Skemmtilegasti tíminn að hefjast, kosningabaráttan. Virkja þarf skráða en óvirka félagsmenn. Áður en kosningabaráttan fer af stað fyrir alvöru. Hafa má samband við skráða félag og vini. Hægt er að hefjast handa áður en kjörskráin berst til félaganna. Nýta þarf úthringikerfið sem notað hefur verið með góðum árangri síðustu kosningar. Sækjum fram til sigurs.
7. *Einar Þorsteinsson Reykjavík*  
Sögulegt tækifæri til að ná góðum kosningum. Ætlar að berjast í Rvík með góðum hópi í kjölfar góðs gengis í alþingiskosningum síðast. Stöndum sterk með góð ráðuneyti. Minnr á að Framsókn er í góðum færnum um allt land. Gott gengi heldur áfram ef að fólk kys Framsókn. Mörg sóknarfæri í borginni. Látum kosningar snúast um íbúa. Ábyrg húsnæðisstefna gagnast öllum. Kosningabaráttan byrjar strax, byrjar á trúnni á árangri. Lata kosningarnar snúast um fólk í borginu, grunnþjónustan. Ábyrg húsnæðisstefna í borginni hefur áhrif á alla landsmenn. Ræðir mikilvægi framsóknar og mikilvægi miðjupólítíkur í borginni. Samvinna er stuðlar að sigri.
8. *Birgitta Birgisdóttir Reykjavík*  
Ræðir hvað er vel gert í flokksstarfinu. Vel tekið á móti nýju fólki og stuðla að starfi þeirra innan flokksins. Skuggaráðuneyti vel heppnuð. Ungt fólk á listum víðast hvar en betur má ef duga skal.
9. *Helgi Sigurður Haraldsson Suður*  
Samþil Ríkis og Sveitarfélaga. Sveitarfélög eru vanfjármöggnuð með verkefni sem flutt hafa verið frá Ríki til sveitarfélaga. Málefni fatlaðs fólks eru að miklu leiti komin yfir til Sveitarfélaga en fjármagn fylgir ekki með frá ríkinu. Leikskólaplássi lofað fyrir börn frá því að fæðingarorlofi líkur, sveitarfélög fá ekki fjármagn. Leikskóli er líka skólastíg og ætti að vera gjaldfrjáls eins og grunnskóli.

10. *Unnur Þöll Benediktsdóttir* Reykjavík

Ræðir málefni hinsegin fólks. Kallar eftir meira vægi í málefnum hinsegin fólks í starfi framsóknarflokksins. Vill að flokkurinn setji stefnu í málefnum hinsegin fólks og lýsir sig tilbúna til að taka forystu í þeirri vinnu. Nefnir dæmi um endaparmsmök og tengingu þeirra við blóðgjöf. Ísland er nú í 14. sæti á regnbogakortinu en var áður í efstu 5.

11. *Birgir Þór Guðmundsson* Norðvestur

Loftslags, umhverfis og auðlindamál. Ræðir loftslagsmál og orkuskipti. Leggur til að gera það sýnilegt hver arðurinn er af auðlindinni. Nefnir sem dæmi fiskeldi og að það sé ekki alveg ljóst hver arðurinn er af þeirri auðlind. Vill að það sé ljóst hve mikið bæði sveitarfélög og ríki fái í krónum og aurum af auðlindunum

12. *Urður Björg Gísladóttir* Suðvestur

Vill að Framsókn leggi meiri áherslu á umhverfismál. Nefnir loftslagsmálin og vill auka vægi loftslagsmála innan flokksins. Nefnir að ungt fólk horfi mikið á þessi mál þegar velja skal flokk til að kjósa.

13. *Stefán Vagn Stefánsson* Norðvestur

Framsókn næstu stærsti flokkurinn, skiptir máli hvað við segjum og hvað við gerum. Límið í ríkisstjórninni. Ákall eftir lausnamiðuðum flokki. Svárið er Framsókn. Árangur á höfuðborgarsvæðinu skiptir máli á næstu árum. Það er hætt að vera þúkó að vera Framsóknarmaður. Ekki hægt að lifa á síðasta sigri, nýr leikur framundann. Nýr dagur og nýjar áskoranir eru framundan. Næstu sveitarstjórnarkosningar. Framsókn er í sókn og mun sækja enn hærra á næstu árum. Það er eftirspurn eftir Framsókn, flokki með samvinnu að leiðarljósi.

14. *Guðmundur Birkir Þorkelsson* Suðvestur

Nefnir tækifærin sem Covid gaf í rafrænu fundarhaldi. Svo uppsker hver sem hann sáir. Mikil vinna skilar árangri í kosningum. Fer yfir málefni sjávarútvegs og veiðigjalds og vill ekki selja Landsbankann. Hefur áhyggjur af Garðyrkjuskóla Ríkisins. Vill húsnaðisliðinn úr neysluvísitölunni.

15. *Ásmundur Einar Daðason* Reykjavík

Ánægður að vinnan sé hafin á ný eftir covid. Fólk að hittast á miðstjórnarfundum og flokksþingum. Ánægður með síðustu kosningar en megum ekki sofna á verðinum. Þakkar grasrót flokksins fyrir gott starf f. síðustu kosningar. Vill tengja betur innra starf flokksins. Grasrót, formenn, bæjarstjórnarmenn og þingmenn. Reglulegir fundir til að þetta starfið og samvinnuna. Sækist eftir stuðningi til að taka við ritarstarfi flokksins.

16. *Sigurún Hulda Jónsdóttir*

Kveðja frá Orra Hlöðversson, oddviti Kópavogs. Fastur heima v. veikinda. Er að hefja störf innan flokksins. Leikskólakennari, segir að kerfið sé komið að þolmörkum. Ekki fæst nóg af menntuðum leikskólaakennurum til starfa til að uppfylla það að 2/3 starfsfólk skuli vera menntað. Langir daga leikskólabarna hafa slæm áhrif á börn. Of hraður vöxtur leikskóla hefur áhrif á það að ekki næst að manna leikskólana. Skilgreina þarf hvað er grunnþjónusta leikskóla og hvað er umfrámþjónusta leikskóla. Framsókn ætti að berjast fyrir því að þarfir barna séu settar í forgang. Og styrkja foreldra til að hafa börnin lengur heima.

LOA  
m m  
RH

17. *Gunnar Sær Ragnarsson Suðvestur*

Staðan á húsnæðismarkaði er óboðleg. Erfitt fyrir ungt fólk að kaupa sína fyrstu eign. Verð fasteigna hækkar og ógerlegt er fyrir fólk að spara fyrir útborgun. Eflum hlutdeildarlán, svæðisskipulag þarf að endurskoða, fáum byggingariðnaðinn með okkur í lið. Rót fasteignavandans er í Reykjavík. Lausnið við vandanum er Framsókn.

18. *Lilja Rannveig Sigurgeirsdóttir Norðvestur*

Var formaður SUF í þrjú ár. Náði aldrei að komast á flokksþing sem formaður SUF. Nefnir hvernig starf SUF var mikilvægt í uppbyggingarfasa flokksins eftir klofning. Hvernig flokksforystan og þingmenn taka vel á móti ungu fólk og Skuggaráðuneytið veitir góða innsýn í flokkinn. Telur Unni, nýjan formann SUF, einstaklega hæfa. Nefnir að þingmenn flokksins séu með fjölbreyttan bakgrunn og fjölbreytt áhugamál og að þau séu því með breiðan grunn fyrir ákvarðanatöku. Nefnir að við þurfum að geta tekið rákræður og verið ósammála en mætt svo saman og unnið saman að málunum.

19. *Magnea Gná Jóhannsdóttir Reykjavík*

Óánægð með aðgerðir í geðheilbrigðismálum. Eru heilbrigðismál sem ættu að lúta sömu reglum og önnur heilbrigðismál. Fólk veigrar sé við að leita sér lækninga vegna mikilla útgjalda. Ríkið ætti að taka þátt. Dýrara er fyrir samfélagið að greiða kostnað sem verður ef fólk fær ekki þá sálfræði þjónustu sem það þarf á að halda. Frekar ætti að fullfjármagna greiðsluáttöku á sálfræðiþjónustu.

20. *Berglind Bragadóttir Reykjavík*

Ánægð með móttökur hjá SUF, þar sem hún hóf störf. Er komin á lista í Reykjavík. Vill beina því að frambjóðendum að hlusta á tilvonandi kjósendur. Með því að veita athygli er verið að valdefla fólk í staðinn fyrir að þruga framboðsræðu á þá.

21. *Íris Eva Gísladóttir Reykjavík*

Sá hluti hugverkaiðnaðarins sem ekki hefur verið nefndur: Menntatækni markaðurinn er 20 þús mill. á heimsmarkaði. 1 af hverjum 4 nemendum stenst ekki kröfur að lokinni skólagöngu. Þróa þarf hugbúnað til menntunar á íslensku. Ríkið stjórnar fjármagni til námsgagnagerðar. Þessi flokkur var ekki fluttur til sveitarfélaga þegar skólinn var fluttur frá ríkinu.

22. *Lilja Dögg Alfreðsdóttir*

Mikilvægasta starf samtímans er kennsla. Kennaranáminu var breytt og jókst ásókn í kennaranám. Leyfisbréf til kennara, leikskólakennara varð til þess að leikskólakennarar færðu sig á grunnskólastig. Það sýnir að það þarf að bæta kjör leikskólakennara. Efla þarf leikskólastigið. Passa þarf upp á orðræðu ekki tala menntakerfið niður.

23. *Adalsteinn Haukur Svavarsson Reykjavík*

Þakkar Lilju Dögg fyrir að hafa fengið tækifærið á listanum í alþingiskosningunum. Fer yfir listann í sveitarstjórnarkosningum í RVK og talar vel um Einar Þorsteinsson oddvita. Nefnir nokkur mál sem mætti betur fara í borginni. Mygla í skólum og sorphirða og snjómokstur. Breyta vinnustaðamenningunni í ráðhúsinu og minnka átökin þar. Góður meirihluti þarfnast framsóknar.

24. *Walter Fannar Kristjánsson Suður*

Búið er að hækka þak á fæðingarorlof, en líka þarf að hækka gólfíð. Foreldrar sem eru að koma úr námi lifa ekki á fæðingarorlofi. Menntasjóður námsmanna. Eldri lán eru að



stökkbreytast í verðbólgu, fara illa með ungar fjölskyldur, hvetur ráðherra að til koma að því að hægt sé að skuldbreyta lánum eða vinna sig á einhvern hátt út úr lánunum.

25. *Pórey Anna Matthíasdóttir Suðvestur*

Fagnar því að heyra í ungum konum koma í pontu að tala um pólitík. Aldurssamsetning í salnum gefur ekki rétta mynd af flokknum, vegna þess að eldri borgarar veigra sér við að mæta vegna Covid. Atvinnuleysi í kjölfar fjármálakreppunnara 2008 og svo aftur í kjölfar covid-kreppunnar. 60-80 ára fólk hefur farið sérstaklega illa úr út því. Spyr Jón Björn hvort hann sé að fara setja vindmyllur í kjördæmið? Hvernig verður eignarhald á rafmagninu.

26. *Hjördís Guðný Guðmundsdóttir Suðvestur*

Ákall til heilbrigðisráðherra fyrir hönd foreldra transbarna. Bið eftir þjónustu hjá Bugl er 1 ár. Mikilvægt er að stytta biðtímann vegna þess hversu tímanæmt málið er. Vill að teknar verði upp skimanir vegna þunglyndi og kvíða barna. Og þau börn sem greinast yfir mörkum fái þjónustu við hæfi. Vill að stefnuskrár á milli sveitarfélaga séu samræmdar að einhverju leiti.

27. *Sigurður Ingi Jóhannsson Suður*

Þakkar fólki fyrir að taka þátt.

Framsókn er hófsöm, skynsöm en umfram allt róttæk.

## Lagabreytingar

### Tillögur laganeftndar flokksþings

1. Breytinga á grein 2.1

Félagi í Framsóknarflokknum getur hver sá einstaklingur verið sem verður til þess að mæta settu góða niðri og samþykkir grundvallarstefnuskrá flokksins og er ekki félagi í öðrum stjórnmalaflokki.

2. Tillaga frá Magneu Herborgu

Laganeftnd leggur til að málinu verði vísað til landsstjórnar enda er hlutverk hennar að setja samræmdar reglur sem gilda um alla valkosti í öllum kjördæmum um val vegna framboða til Alþingis og leggur fyrir miðstjórn til samþykktar skv. 5.1 gr. í lögum flokksins

3. Breyting á 5. tl. 10.2 gr.

Lagt er til að 5. tl. 10.2 gr. muni orðast með eftirfarandi hætti: „Aðalmenn í sveitarstjórn þessara sveitarfélags eru til þess að mæta settu góða niðri.“

4. Breytingar á 15.1. gr

Lagt er til að grein 15.1 muni orðast með eftirfarandi hætti:

„Allar kosningar samkvæmt lögum þessum skulu vera skriflegar ef þessu er ekki annars vegna kasta þegar ráðgjafar af övinnu hafa ákveðið. Vindur er til þess að tryggja gættu af kosningum og þessu er kveðið á um.“

„Framsóknarflokkurinn hefur átt það góða gætt þess að tryggja samræmi milli greina 15.3 og 15.4 og er lagt til að grein 15.3 verði breytt á eftirfarandi hátt.“

5. Ný grein 15.3 (númer annarra greina uppfærast í samræmi við þessa breytingu).

Til verður ný grein nr. 15.3 og er lagt til að hún muni orðast með eftirfarandi hætti:

„Framsóknarflokkurinn hefur átt það góða gætt þess að tryggja samræmi milli greina 15.3 og 15.4 og er lagt til að grein 15.3 verði breytt á eftirfarandi hátt.“

„Framsóknarflokkurinn hefur átt það góða gætt þess að tryggja samræmi milli greina 15.3 og 15.4 og er lagt til að grein 15.3 verði breytt á eftirfarandi hátt.“

6. Tillaga laganefndar að breytingu vegna athugasemda Ríkisskattstjóra:

a. Grein 1.1 orðist með eftirfarandi hætti:

„Framsóknarflokkurinn er stjórn mála flokkur sem vinnur að því að hafa áhrif á þjóðfélagskipan á Íslandi samkvæmt þeim markmiðum sem skilgreind eru í grundvallarstefnuskrá flokksins.“

b. Gerð er því tillaga að grein 13.2 orðist með eftirfarandi hætti:

„Framkvæmdastjórn ræður framkvæmdastjóra flokksins sem situr fundi framkvæmdastjórnar með málfrelsi og tillögurétt og er hann jafnframt framkvæmdastjóri þingflokks Framsóknarmanna. Framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk flokksins. Skal framkvæmdastjóri m.a. stýra skrifstofu flokksins og fjármálum hans í samráði við framkvæmdastjórn.“

c. Gerð er því tillaga að grein 15.4 orðist með eftirfarandi hætti:

„Skoðunarmenn reikninga skulu kosnir á flokksþingi úr hópi félagsmanna eftir uppástungu enda liggja fyrir samþykki viðkomandi félaga áður en að kosningu kemur. Skrifleg kosning skal fara fram með sama hætti og við kjör embættismanna flokksins skv. gr. 15.1. ef stungið er upp á fleirum en tveimur. Skoðunarmenn reikninga yfirfara reikning flokksins og oll reikningsqögn fyrir hvert starfsár. Þeir skulu staðfesta árleg reikningsuppgjör flokksins með áritun sinni.“

d. og e. Inn komi ný grein og verði gr. 15.11 (númer annarra greina uppfærast í samræmi við þessa breytingu) og orðist svo:

Gerð er því tillaga að grein 15.11 muni orðast með eftirfarandi hætti:

„Framsóknarflokkurinn hefur átt það góða gætt þess að tryggja samræmi milli greina 15.11 og 15.12 og er lagt til að grein 15.11 verði breytt á eftirfarandi hátt.“

„Framsóknarflokkurinn hefur átt það góða gætt þess að tryggja samræmi milli greina 15.11 og 15.12 og er lagt til að grein 15.11 verði breytt á eftirfarandi hátt.“

d. og e. Gerð er því tillaga að grein 9.1 muni orðast með eftirfarandi hætti:

„Framsóknarflokkurinn heldur reglulegt flokksþing sem haustfundur miðstjórnar boðar til, eigi sjaldnar en annað hvert ár og skal það að jafnaði haldið fyrri hluta árs. Framkvæmdastjóri er

*Þinggerð 36. flokksþings Framsóknar 19.-20. mars 2022*

skýlt að boða til flokksþings ef meirihluti kjördæmisþinga óskar þess. Það skal haldið á Suðvesturhorninu innan 45 daga frá því að slík krafa telst réttilega fram komin. Það þykir þó að flokksþing flokksins eins fjótt og við verður komin.


**Kosið um lagabreytingar**

- Tillaga 1 Samþykkt með öllu greiddum atkvæðum.
- Tillaga 3 Samþykkt með öllu greiddum atkvæðum.
- Tillaga 4 Samþykkt með öllu greiddum atkvæðum.
- Tillaga 5 Samþykkt með öllu greiddum atkvæðum.
- Tillaga 6 Borin upp sem heild, hlutar a-e Samþykkt með öllu greiddum atkvæðum.

Atkvæðagreiðslu lokið kl. 16:15

**Nefndastörfum fram haldið**

Kl. 16:30 –



The image shows three handwritten signatures in black ink. The top signature is the most legible and appears to be 'Eiríkur Jónsson'. The middle signature is more stylized and difficult to read. The bottom signature is also stylized and appears to be 'Eiríkur D. Haldrupsson'.



Vertu með

## Formenn félaga

### Norðvesturkjördæmi

#### Stjórn KFNV:

Guðjón Ebbi Guðjónsson, formaður  
Hafðís Lára Halldórsdóttir, meðstjórnandi  
Lilja Sigurðardóttir, meðstjórnandi  
Þorleifur Karl Eggertsson, meðstjórnandi  
Hrund Pétursdóttir, meðstjórnandi  
Davið Sigurðsson, meðstjórnandi  
Garðar Freyr Vilhjálmsson, meðstjórnandi

#### Aðildarfélög:

Framsóknarfélag Akraness  
Liv Aase Skarstad, formaður  
FUF á Akranesi  
Framsóknarfélag Borgarfjarðar og Mýra  
Sonja Lind Estrajher Eyglóardóttir <  
<https://framsokn.is/folkid/nordvesturkjordaemi/felogin-formenn/sorjal@simnet.is>> ,  
formaður  
Félag Framsóknarkvenna í Borgarbyggð  
Sigríður Guðbjörg Bjarnadóttir, formaður  
FUF í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu  
Framsóknarfélagið Bifröst  
Framsóknarfélag Snæfellsness- og Hnappadalssýslu  
Eggert Kjartansson, formaður  
Framsóknarfélag Snæfellsbæjar  
Framsóknarfélag Grundarfjarðar  
Guðni E Hallgrímsson, formaður  
Framsóknarfélag Stykkishólms  
Hilmar Hallvarðsson, formaður  
Framsóknarfélag Dala og Reykhóla  
Heiðrún Sandra Grettisdóttir, formaður  
Framsóknarfélag Barðastrandarsýslu  
Sigurður V Viggósson, formaður  
Framsóknarfélag Ísafjarðarbæjar  
Helga Dóra Kristjánsdóttir, formaður  
Framsóknarfélag Bolungarvíkur  
Sveinn Bernóðsson, formaður  
Framsóknarfélag Hólmavíkur

Ragnheiður Ingimundardóttir, formaður  
Framsóknarfélag Kaldrananeshrepps  
Framsóknarfélag Árneshrepps  
Björn Guðmundur Torfason, formaður  
Framsóknarfélag Húnaþings vestra  
Friðrik Már Sigurðsson, formaður  
Framsóknarfélag Austur-Húnavatnssýslu  
Guðjón Ebbi Guðjónsson, formaður  
FUF í Húnavatnssýslum  
Framsóknarfélag Skagafjarðar  
Hrund Pétursdóttir, formaður  
FUF í Skagafirði  
Gunnar Ásgrímsson, formaður

## Norðausturkjördæmi

### Stjórn KFNA

Pálina Margeirsdóttir, formaður (2023)  
Þorsteinn Kristinn Björnsson (2023)  
Óskar Ingi Sigurðsson (2023)  
A. Gunnhildur Ingvarsdóttir (2023)  
Bergur Elías Ágústsson (2022)  
Einar Þorsteinn Pálsson (2022)

### Aðildarfélög:

Framsóknarfélag Fjallabyggðar  
Þorgeir Bjarnason, formaður  
FUF á Siglufirði  
Framsóknarfélag Dalvíkurbyggðar  
Þorsteinn Kristinn Björnsson, formaður  
Framsóknarfélag Akureyrar og nágrennis  
Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir, formaður  
Félag ungra framsóknarmanna á Akureyri og nágrenni  
Árni Gísli Magnússon, formaður,  
Framsóknarfélag Eyjafjarðarsveitar  
Hermann Ingi Gunnarsson, formaður  
Framsóknarfélag Grýtubakkahrepps  
Sigþór Hilmar Guðnason, formaður  
Framsóknarfélag Þingeyinga  
Brynja Rún Benediktsdóttir, formaður  
Framsóknarfélag Bárðdæla  
Framsóknarfélag Norður Þingeyjarsýslu – austan heiðar  
Framsóknarfélag Vopnafjarðar  
Axel Örn Sveinbjörnsson, formaður  
Framsóknarfélag Múlaþings  
Þorvaldur P Hjarðar, formaður  
Framsóknarfélag Fjarðabyggðar  
Ívar Dan Arnarson, formaður  
Eysteinn – FUF á Mið-Austurlandi

Boer  
AS  
M

Ragnheiður Ingimundardóttir, formaður  
Framsóknarfélag Kaldrananeshrepps  
Framsóknarfélag Árneshrepps  
Björn Guðmundur Torfason, formaður  
Framsóknarfélag Húnaþings vestra  
Friðrik Már Sigurðsson, formaður  
Framsóknarfélag Austur-Húnavatnssýslu  
Guðjón Ebbi Guðjónsson, formaður  
FUF í Húnavatnssýslum  
Framsóknarfélag Skagafjarðar  
Hrund Pétursdóttir, formaður  
FUF í Skagafirði  
Gunnar Ásgrímsson, formaður

## Norðausturkjördæmi

### Stjórn KFNA

Pálína Margeirsdóttir, formaður (2023)  
Þorsteinn Kristinn Björnsson (2023)  
Óskar Ingi Sigurðsson (2023)  
A. Gunnhildur Ingvarsdóttir (2023)  
Bergur Elías Ágústsson (2022)  
Einar Þorsteinn Pálsson (2022)

### Aðildarfélög:

Framsóknarfélag Fjallabyggðar  
Þorgeir Bjarnason, formaður  
FUF á Siglufirði  
Framsóknarfélag Dalvíkurbyggðar  
Þorsteinn Kristinn Björnsson, formaður  
Framsóknarfélag Akureyrar og nágrennis  
Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir, formaður  
Félag ungra framsóknarmanna á Akureyri og nágrenni  
Árni Gísli Magnússon, formaður,  
Framsóknarfélag Eyjafjarðarsveitar  
Hermann Ingi Gunnarsson, formaður  
Framsóknarfélag Grýtubakkahrepps  
Sigþór Hilmar Guðnason, formaður  
Framsóknarfélag Þingeyinga  
Brynja Rún Benediktsdóttir, formaður  
Framsóknarfélag Bárðdæla  
Framsóknarfélag Norður Þingeyjarsýslu – austan heiðar  
Framsóknarfélag Vopnafjarðar  
Axel Örn Sveinbjörnsson, formaður  
Framsóknarfélag Múlaþings  
Þorvaldur P Hjarðar, formaður  
Framsóknarfélag Fjarðabyggðar  
Ívar Dan Arnarson, formaður  
Eysteinn – FUF á Mið-Austurlandi

Handwritten signatures and initials, including "AOS" and "Mm".

# Suðurkjördæmi

## Stjórn KFSF:

Björn Harðarson, formaður  
Magnea Herborg Björnsdóttir, varaformaður  
Gunnlaugur Jón Hreinsson  
Gissur Jónsson  
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir  
Kristján Sigurður Guðnason  
Guðrún Sigríður Briem

## Aðildarfélög:

**Framsóknarfélag Suðurnesjabæjar**  
Álfhildur Sigurjónsdóttir, formaður  
**Framsóknarfélag Reykjanesbæjar**  
Magnea Herborg Björnsdóttir, formaður  
**Björk – FFK í Reykjanesbæ**  
Oddný Mattadóttir, formaður  
**FUF á Suðurnesjum**  
Berglind Sunna Bragadóttir, formaður  
**Framsóknarfélag Grindavíkur**  
Ásrún Helga Kristinsdóttir, formaður  
**Framsóknarfélag Hveragerðis**  
Svavar Kristinsson, formaður  
**Framsóknarfélag Ölfuss**  
Hrönn Guðmundsdóttir, formaður  
**Framsóknarfélag Árborgar**  
Björn Harðarson, formaður  
**Framsóknarfélag Árnessýslu**  
Brynjar Sigurgeir Sigurðsson, formaður  
**GUÐNI – FUF í Árnes- og Rangárvallasýslu**  
Jón Gautason, formaður  
**Framsóknarfélag Rangæinga**  
Bjarki Oddsson, formaður  
**Framsóknarfélag Vestmannaeyja**  
Jónatan Guðni Jónsson, formaður  
**Framsóknarfélag Vestur-Skaftafellssýslu**  
Elín Einarsdóttir, formaður  
**FUF í Vestur-Skaftafellssýslu**  
**Framsóknarfélag Austur-Skaftafellssýslu**  
Kristján Sigurður Guðnason, formaður  
**FUF í Austur-Skaftafellssýslu**  
Nejra Masetovic, formaður  
**Samtök framsóknarkvenna á Suðurlandi**  
María Hauksdóttir, formaður

# Suðvesturkjördæmi



**Stjórn KFSV:**

Guðmundur Birkir Þorkelsson, formaður  
Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir, meðstjórnandi  
Pétur Einir Þórðarson, meðstjórnandi  
Úlfar Ármannsson, meðstjórnandi  
Þorbjörg Sólbjartsdóttir, meðstjórnandi  
Margrét Sigmundsdóttir, meðstjórnandi  
Þórður Ingi Scheving Bjarnason, meðstjórnandi  
Helga Björk Jónsdóttir, varamaður  
Svandís Dóra Einarsdóttir, varamaður

**Aðildarfélög:**

Framsóknarfélag Hafnarfjarðar  
Þórður Ingi Bjarnason, formaður  
FUF í Hafnarfirði  
Einar Gauti Jóhannsson, formaður  
FFK í Hafnarfirði, Garðabæ og Bessastaðahreppi – HARPA  
Anna Karen Svövdóttir, formaður  
Framsóknarfélag Garðabæjar  
Sigurður Jónsson, formaður  
Denni – FUF í Garðabæ og Bessastaðahreppi  
Sveinn Gauti Einarsson, formaður  
Framsóknarfélag Kópavogs  
Sverrir Kári Karlsson, formaður  
FUF í Kópavogi  
Heimir Þór Hansson, formaður  
FFK í Kópavogi – FREYJA  
Ólöf Pálína Úlfarsdóttir, formaður  
Framsóknarfélag Seltjarnarness  
Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir, formaður  
FUF á Seltjarnarnesi  
Húnbogi Þorsteinsson, formaður,  
Framsóknarfélag Mosfellsbæjar  
Halla Karen Kristjánsdóttir, formaður

## Reykjavíkurrkjördæmi norður og suður

**Stjórn KFR:**

Stefán Þór Björnsson, formaður  
Jóhanna Olga Hreiðarsdóttir, varaformaður  
Lárus Sigurður Lárusson, meðstjórnandi  
Linda Rós Alfreðsdóttir, meðstjórnandi  
Jón Finnbogason, meðstjórnandi  
Jón Ingi Gíslason, meðstjórnandi  
Fanný Gunnarsdóttir, meðstjórnandi  
Aðalsteinn Haukur Sverrisson, meðstjórnandi  
Magnea Gná Jóhannsdóttir, meðstjórnandi  
Ásta Björg Björgvinsdóttir, varamaður





**Stjórn KFSV:**

Guðmundur Birkir Þorkelsson, formaður  
Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir, meðstjórnandi  
Pétur Einir Þórðarson, meðstjórnandi  
Úlfar Ármannsson, meðstjórnandi  
Þorbjörg Sólbjartsdóttir, meðstjórnandi  
Margrét Sigmundsdóttir, meðstjórnandi  
Þórður Ingi Scheving Bjarnason, meðstjórnandi  
Helga Björk Jónsdóttir, varamaður  
Svandís Dóra Einarsdóttir, varamaður

**Aðildarfélög:**

Framsóknarfélag Hafnarfjarðar  
Þórður Ingi Bjarnason, formaður  
FUF í Hafnarfirði  
Einar Gauti Jóhannsson, formaður  
FFK í Hafnarfirði, Garðabæ og Bessastaðahreppi – HARPA  
Anna Karen Svövdóttir, formaður  
Framsóknarfélag Garðabæjar  
Sigurður Jónsson, formaður  
Denni – FUF í Garðabæ og Bessastaðahreppi  
Sveinn Gauti Einarsson, formaður  
Framsóknarfélag Kópavogs  
Sverrir Kári Karlsson, formaður  
FUF í Kópavogi  
Heimir Þór Hansson, formaður  
FFK í Kópavogi – FREYJA  
Ólöf Pálína Úlfarsdóttir, formaður  
Framsóknarfélag Seltjarnarness  
Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir, formaður  
FUF á Seltjarnarnesi  
Húnbogi Þorsteinsson, formaður,  
Framsóknarfélag Mosfellsbæjar  
Halla Karen Kristjánsdóttir, formaður

## Reykjavíkurdæmi norður og suður

**Stjórn KFR:**

Stefán Þór Björnsson, formaður  
Jóhanna Olga Hreiðarsdóttir, varaformaður  
Lárus Sigurður Lárusson, meðstjórnandi  
Linda Rós Alfreðsdóttir, meðstjórnandi  
Jón Finnbogason, meðstjórnandi  
Jón Ingi Gíslason, meðstjórnandi  
Fanný Gunnarsdóttir, meðstjórnandi  
Aðalsteinn Haukur Sverrisson, meðstjórnandi  
Magnea Gná Jóhannsdóttir, meðstjórnandi  
Ásta Björg Björgvinsdóttir, varamaður



Ólafur Kristinn Sigmarsson, varamaður

**Aðildarfélög:**

**Framsóknarfélag Reykjavíkur (FR)**

Aðalsteinn Haukur Sverrisson, formaður

Ung Framsókn í Reykjavík

Magnea Gná Jóhannsdóttir, formaður

Deila



Prenta grein

Handwritten signatures and initials, including "LDA" and "RKA".